ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT

Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTAHREYFINGARINNAR MARXISTANNA-LENINISTANNA 2 1972

RAUÐ VERKALÝÐSEINING -GEGN STÉTTASAMVINNU!



Það mun hafa vakið talsverða athygli þeirra, sem þátt tóku í 1. maí göngunni í Reykjavík í ár og þeirra, sem á horfðu, að stór hluti göngunnar - u.þ.b. 1500 manns - skáru sig úr þeim hluta hennar, sem endurskoðunarsinnarnir og hentistefnumennirnir í verkalýðsforystunni höfðu forgöngu um undir kröfunni um 50 mílurnar - hagsmunamáli þjóðlegu borgarastéttarinnar og fyrrnefndir endurskoðunarsinnar kenna við þjóðfrelsi(!). Þessi 1500 manna hópur, sem svo eftirminnilega skar sig frá erindrekum þjóðlegu borgarastéttarinnar, setti þess í stað fram byltingarsinnaðar kröfur undir vígorðinu: RAUÐ VERKALÝÐSEINING - GEGN STÉTTASAMVINNU 1. MAÍ 1972. Þetta mun vera í fyrsta skipti síðan hið leiðandi afl í baráttu verkalýðsins fyrir efnahagslegum og félagslegum kröfum komst í hendur sósíaldemókrata og annarra þeirra tækifærissinna, sem hvað eftir annað hafa svikið málstað öreiganna og gerzt handbendi arðránsstéttarinnar, sem myndaður er ákveðinn kjarni til þátttöku á alþjóðlegum baráttudegi verkamanna hér á landi, er setur fram kommúnísk slagorð í tilefni þessa dags.

Þeir, sem höfðu veg og vanda að þessari rauðu einingu 1. maí '72 var Kommúnistahreyfingin marxistar-lenínistar, en auk hennar tóku þátt í göngunni Fylkingin - baráttusamtök sósíalista og Sósíalistafélag Reykjavíkur, þó svo "þátttaka" SR hafi að vísu verið lítið annað en nafnið eitt.

Að frátöldu því kjörorði, sem gengið var undir og KHML setti fram, voru borin eftirtalin vígorð af félögum hreyfingarinnar: Öreigar og kúgaðar þjóðir sameinizt í baráttu gegn heimsvaldastefnunni! Lærum af stéttabaráttunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar! Lifi alþjóðahyggja öreiganna! Með baráttu okkar hér - stétt gegn stétt - styðjum við alþýðu Víetnam! Burt með USA-herinn, kúgunartæki íslenzku borgarastéttarinnar gegn öreigastéttinni! Auk þess voru bornar fagurlega útsaumaðar myndir, hannaðar af kínversku verkafólki, af leiðtogunum fimm: Marx, Engels, Lenín, Stalín, Maó.

Það hefur sjálfsagt ekki farið framhjá nærstöddum, að sumir borðar KHML voru vendilega merktir með hamri og sigð. Sjálfsagt hefur margan rekið í rogastanz við slíka sjón, ekki sízt þeim smáborgaralegu sósíalistum, sem "vita" ekki betur en hamar og sigð sé sérrússneskt merki. "Þetta eru bara Rússadindlar!" kunna margir að segja. "Þetta merki er á rússneska fánanum!"

Rétt er það, þetta merki varð fyrst til í byltingunni í Rússlandi 1917 - þess vegna eru hamarinn og sigðin alþjóðlegt merki og kúmmúnískt tákn sameiginlegrar baráttu verkamanna og bænda.

Fyrir utan þá borða, sem bornir voru í göngunni, auk hinna fjölmörgu rauðu fána, voru kölluð upp fernskonar vígorð: 1) Rauð eining - stétt gegn stétt 2) Herstöðvar burt - Ísland úr NATÓ 3) Lifi alþjóðahyggjan 4) 1. maí - baráttudagur.

Eftir að gangan hafði staðnæmzt á Lækjartorgi og nokkuð var liðið á fund endurbótasinnana, tók rauða verkalýðseiningin sig út úr fjöldasamtökunum og hélt í áttina að Miðbæjarskólanum, þar sem haldinn var útifundur. Meðal ræðumanna var Sigurður Skúlason, er mælti fyrir munn Kommúnistahreyfingarinnar m-l. (Ræða hans er birt í þessu blaði).

Töluverður fjöldi manna hlýddi á útifund þennan. Munu það hafa verið hátt á þriðja þúsund manns.

UNDIRBÚNINGUR.

Lengi vel var það hugmynd KHML að mynda rauða einingu innan 1. maí göngunnar í Rvk. Var þeirri hugmynd komið á framfæri við Sósíalistafélagið og féllst það á að taka þátt í þessari rauðu einingu, sem yrði að öllu leyti skipulögð af okkur.

Skömmu fyrir 1. maí voru félagar í KHML kallaðir á fund hjá Fylkingunni þar sem einnig voru mættir fulltrúar frá Iðnnemasambandinu og Stúdentaráði Háskólans. Það var þá einnig hugmynd Fylkingarinnar að mynda einskonar rauða einingu 1. maí. Lagði Fylkingin til, að landhelgismálið yrði efst á dagskrá þessarar rauðu einingar, þar sem krafizt yrði

Frh.bls.5



Borgarastéttin færir út einokunarsvæði sitt

„Samstarfið" við Sósíalistafélagið og ritskoðun Nýrrar Dagsbrúnar

Frá víglínunni í Vietnam

Viðtal við verkamann í Straumsvík

Jesús, Kiljan og fleiri

Ræða flutt af Sigurði Skúlasyni á útifundi við Miðbæjarskólann 1.maí 1972

Þegar við myndum rauða verkalýðseiningu á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, er það vegna þess, að öreigastéttin um allan hinn kapítalíska heim er sémóðast að skipuleggja sig til byltingarbaráttu gegn borgarastéttinni - nú þegar heimskreppan fer vaxandi og milljónaatvinnuleysi, hert arðrán og kúgun fylgir í kjölfar hennar. Þegar við myndum rauða verkalýðseiningu á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, er það vegna þess, að í ár er 1. maí gerður að stuðningsdegi við íslenzka borgarastétt og verkalýðnum gert að ganga undir þjóðernislegum kröfum, en stéttabaráttunni skotið undan. Vígorðum dagsins Gegn stéttasamvinnu og Stétt gegn stétt er beint gegn kratabroddunum í AB og verkalýðsforystunni, sem í dag eru þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar. Þeir eru þjónar auðvaldsins með því að þeir halda meirihluta verkalýðsins í



fjötrum borgaralegrar umbótastefnu og bægja honum frá byltingarsinnuðu starfi. Þeir eru það með því að beina baráttu verkalýðsins inn á

Frh.bls.2

Stéttabaráttan

Leiðari:

Sú aðför og lítilsvirðing sem verkalýðnum var sýnd 1.maí, þegar endurbótasinnaðir verkalýðsleiðtogar og stéttasamstarfspáfar luku upp einum munni um, að nú skyldi leggja allar kröfur verkalýðsins á hilluna og fylkja honum þess í stað undir hagsmunakröfur íslenzks auðvalds um útfærslu landhelginnar í 50 mílur, hefur flett lýðræðisblæjunni af "verkalýðsvinunum" í "alþýðustjórninni". Hver af öðrum stóðu sósíalfasistar og stéttasamstarfsprelátar Alþýðubandalagsins upp og lýstu yfir hafinni krossferð og þjóðfrelsisbaráttu íslenzku þjóðarinnar gegn kúgunaröflum heimsvaldastefnunnar á Íslandi, með andakt og hetjumóð. Nú skyldi reisa fána íslenzkrar þjóðernishyggju og þjóðin skyldi standa sameinuð, stétt með stétt, gegn hinum kúgandi óvini! En þegar nefna átti óvininn vafðist "alþýðuherrunum" tunga um tönn. Jafn kokhraustir og þeir hafa alltaf verið við að lýsa Bandaríkin sem einvöldum kúgara og arðræningja íslenzku þjóðarinnar, jafn hjáróma urðu nú yfirlýsingarnar um að hinn kúgandi aðili væri USA, ásamt með Brezkum, Þýzkum, Sovéskum, Japönskum heimsvaldasinnum og jafnvel fleiri! Sannleikurinn er sá, að í málflutningi "alþýðuherranna", sem er algjörlega samhljóma svartasta afturhaldsboðskap borgarastéttarinnar í Morgunblaðinu, glytti sem snöggvast í þær fölsku forsendur sem liggja til grundvallar hentistefnu þeirra og stéttasamstarfspólitík.

"SULTARAUÐVALDIÐ"

Allt frá því er hægriöflin innan gamla KFÍ urðu ofan á og náðu að leggja byltingarflokkinn niður til að taka upp í hans stað samfylkingarflokk með sósíalfasistum úr Alþýðuflokknum til að veiða atkvæði, hafa þessir herrar markvisst unnið að því að dylja stéttamótsetningar íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins. Þeir hafa æ ofaní æ reynt að sannfæra verkalýðinn um að engan óvin sé að finna innan landamæranna, hin eina og sanna óvin sé að finna vestan Atlantshafsins og því til sönnunar er bent á nærveru USA-hersins í Keflavík. Til að renna stoðum undir stéttasamstarfspólitík sína og firra íslenzka borgarastétt ábyrgð, æpa þessir auðvaldsþjónar hver í kapp við annan um "hernumið land" - "þjóðfrelsisbaráttu íslenzku þjóðarinnar" og að íslenzkt auðvald sé í rauninni eins konar ómerkilegir mútuþegar og milliliðir bandarískra auðjöfra, sem færi blóðaura sína jafnharðan inn á svissneska banka til ávöxtunar og lifi að öðru leyti á sparifé íslenzkrar alþýðu!! Verkalýðurinn veit vel, að ekkert auðvald getur nærst á þeim sultarlaunum, sem verkamennirnir sjálfir geta vart framfleytt sér og sínum á, nema með ómannlegri yfirvinnu og þrældómi! En "alþýðuherrarnir" halda því blákalt fram, að gróði auðvaldsins fari fram á þennan sultarmáta, þvert ofaní vitneskju hins stéttvísa verkamanns, að allur gróði auðvaldsins er ekki annað en gildisaukinn, sem verkalýðurinn skapar með vinnu sinni, en borgarastéttin hirðir án þess að nein greiðsla komi í staðinn!

Allt tal sósíaldemókratanna í Alþýðubandalaginu um að íslenzk borgarastétt sé aðeins milliliður erlends auðvalds er með ásetningi gert til að dylja arðrán íslenzku borgarastéttarinnar á öreigastéttinni og halda verkalýðnum frá byltingarstarfi og stéttabaráttu, en beina honum þess í stað inn á brautir stéttasamvinnu og tilbúinnar þjóðfrelsisbaráttu.

BANDARÍSKI HERINN - KÚGUNARTÆKI TÆKI ÍSLENZKRAR BORGARASTÉTTAR

William Rogers, utanríkisráðherra Nixon-stjórnarinnar, hlaut eins og menn eflaust muna verðugar móttökur stúdenta í Árnagarði fyrir skemmstu. Þessum ótýnda leigumorðingja í þágu bandaríska auðvaldsins var sýnd sama lítilsvirðing og hatur og annars staðar þar sem útsendarar USA koma, hvergi er þessum snötum heimsvaldastefnunnar vært nema í fylgd vel vopnaðs lögregluliðs. En "alþýðustjórnin" fagnaði vini sínum og fullvissaði hann um að allt tal um brottflutning herliðsins væri aðeins til að halda vinsældunum og koma í veg fyrir að stéttsvikararnir misstu kverkatök sín á verkalýðnum, herinn yrði um kyrrt, þar í lægi beggja hagur. Þrátt fyrir öll gífuryrðin og stórbokkatalið um að bandarískt auðvald væri einrátt á Íslandi og að þjóðin berðist fyrir frelsi sínu gegn USA-heimsvaldastefnunni, herinn væri hér til að hernema landið osvfr. hefur Alþýðubandalagið látið ógert að reka þennan hræðilega fjandmann íslenzkrar alþýðu af landi brott, þvert ofan í gefin kosningaloforð. Þetta kemur ekki á óvart, ástæðan er hreinlega sú, eins og KHML hefur áður bent á, að herinn er hér ekki sem hernámstæki USA-heimsvaldastefnunnar, þótt bandaríkin hafi hér aðstöðu, heldur fyrst og fremst sem tæki íslenzkrar borgarastéttar, til að geta gripið til ef illa búin innlend lögregla skyldi reynast ónóg til að kúga öreigastéttina og halda henni í skefjum. Og það er ekki af ástæðulausu sem óttinn nagar íslenzku borgarana. 9.nóvember 1932 var lögreglan í Reykjavík borin ofurliði af öreigunum í hörðum götubardögum. Eina leið "alþýðustjórnarinnar" til að efna loforð sín um brottför hersins, væri að koma á fót ríkislögreglu, sem gæti gegnt kúgunarhlutverki hersins.

Þegar við berjumst gegn hernum, skal haga baráttunni út frá því, að hann er eitt af kúgunartækjum borgarastéttarinnar og nokkurs konar hluti af ríkisvaldi hennar.

VOPNIÐ ER SKIPULAGNING.

Þegar öreigastéttin býst til baráttu gegn kúgun og kjaraskerðingarsókn auðvaldsins, er henni nauðsynlegt að gjörþekkja stéttaróvininn og öll þau vopn, sem hann hefur yfir að ráða, svo hún geti vegið og metið hvernig beri að snúa sér í einstökum vandamálum sem upp koma í hinni daglegu baráttu, þannig að hinni sósíalísku byltingu sé jafnframt þjónað.

Þegar við búumst til baráttu gegn auðvaldinu er okkur fyrst nauðsynlegt að skipuleggja öreigana undir merki kommúnismans í byltingarflokk. Meginhindrunin í vegi fyrir stofnun slíks flokks, er kverkatak endurbótasinnanna í Alþýðubandalaginu og verkalýðsforystunni, sem um margt eru tengdir. Hinn taktíski höfuðóvinur öreigastéttarinnar í dag, er Alþýðubandalagið, þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar. Við verðum að berjast gegn áhrifum þess yfir þorra verkalýðsins og slík barátta verður því aðeins háð með árangri, að öreigastéttin skipuleggi sig í Kommúnískan byltingarflokk, því aðeins með valdbyltingu munu öreigarnir gegna hinu sögulega hlutverki sínu. Slíkur flokkur verður að vera kjarni stéttarinnar, órofa tengdur henni og vopnaður reynslunni af baráttu öreiga heimsins, allt frá dögum Karls Marx til Maós Tsetungs. Slíkur flokkur má enga hagsmuni hafa aðra en stéttarinnar og getur aldrei knéfallið fyrir þingræði borgarastéttarinnar.

HÖFUÐVERKEFNIÐ - BYLTINGARSINNAÐ NÁMSSTARF.

Kommúnistahreyfingin m-l stefnir að myndun Kommúnísks byltingarflokks, sem getur leitt öreigastéttina gegn um stórsjóa stéttabaráttuna til sigurs. Áfangi í þessari baráttu er myndun kommúnískra samtaka, samtaka allra þeirra er hafa hafið námsstarf í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs. Orð Leníns:"Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar, engin byltingarhreyfing", eru enn í fullu gildi. Byltingarsinnað námsstarf er höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag, til þess að hún geti tileinkað sér sameinaða baráttureynslu öreiga heimsins, og notað þessa almennu þekkingu við séraðstæður íslenzka þjóðfélagsins. KHML hefur unnið að gerð leshrings í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs

þjóðfélagsins. KHML hvetur alla meðvitaða verkamenn og stéttfrændur öreigastéttarinnar til að hefja byltingarsinnað námstarf sem skref í átt að myndun kommúnískra samtaka og síðar kommúnísks flokks!

GEGN STÉTTASAMVINNU ENDURBÓTASINNA ALÞÝÐUBANDALAGSINS OG VERKALÝÐSFORYSTUNNAR!

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI, OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

FRAM TIL HINNAR SÓSÍALÍSKU BYLTINGAR!

Frh.af forsíðu

Ræða...

svið þjóðernislegrar stéttasamvinnu gegn erlendu kúgunarvaldi og halda honum frá baráttu gegn höfuðóvini sínum, íslenzkri borgarastétt. AB hefur sérlega sannað tryggð sína við borgarana með því að veita iðnvæðingu þeirra forystu, með því að berjast fyrir útvíkkun landhelginnar fyrir hagsmunum borgaranna íslenzku og með því að kæfa hverja baráttutilraun verkalýðsins gegn auðvaldinu með stéttasamstarfspólitík sinni. Höfuðóvinurinn er innlend borgarastétt og þegar við berjumst gegn USA-hernum, þá berjumst við gegn honum vegna þess að hann er eitt af kúgunartækjum íslenzkrar borgarastéttar gegn öreigastéttinni! Við vísum tilraunum AB til að draga athygli verkalýðsins frá kúgun borgarastéttarinnar með því að veifa herstöðvunum og kalla Ísland "nýlendu og kúgaða þjóð" á bug og föllum ekki í þá gryfju að taka afstöðu út frá hagsmunum hins þjóðlega hluta íslenzkra borgara. Við megum ekki takmarka baráttu okkar við herinn og ímyndaða kúgun heimsvaldasinnaðs ríkis, við getum ekki fallizt á stéttasamstarf gegn erlendum ítökum, sem aðeins eru efnahagsleg tengsl, óhjákvæmileg á skeiði heimsvaldastefnunnar, en ekki pólitísk kúgun. Því íslenzka borgarastéttin hefur pólitískt sjálfstæði og barátta hennar fyrir útvíkkun landhelginnar er barátta fyrir útvíkkun einokunarsvæðis hennar, barátta fyrir eigin hagsmunum, að fá einokunaryfirráð yfir auðlindum hafsins umhverfis Ísland.

Í öllum vandamálum sem við fáumst við, hljótum við alltaf að spyrja: Hverjir eru hagsmunir öreigastéttarinnar? Hvernig á að haga baráttunni í hinum einstöku vandamálum til að hún þjóni þannig lokatakmarkinu, sósíalísku byltingunni? Fyrir öreigastéttina er aðeins ein leið til frelsis undan kúgun og arðráni borgarastéttarinnar, hún verður að ná pólitískum völdum þjóðfélagsins með byltingu, mölbrjóta hið kapítalíska ríkisvald og reisa sitt eigið, alræði öreiganna! En í dag hljótum við að miða starfið út frá þessu lokatakmarki, við verðum að haga baráttunni þannig, að við getum slegið vopn borgarastéttarinnar úr höndum hennar og lagt hana að velli í stéttabaráttunni. Höfuðverkefnið er skipulagning öreigastéttarinnar í kommúnískan flokk, byltingarflokk, sem er kjarni stéttarinnar og órofa tengdur henni á allan hátt og hefur enga hagsmuni aðra en stéttarinnar, kommúnískan flokk sem ekki verður þingræðislegum örverpishætti að bráð og afmarkar sig skýrt frá hentistefnumönnunum og stéttasvikurunum í AB og verkalýðsforystunni, kommúnískan flokk, sem vex og styrkist í baráttu gegn stéttasamstarfsmönnunum og kratabroddunum í AB og verkalýðsforystunni! Til þess að öreigastéttin geti skipulagt sig í slíkan flokk, er henni nauðsynlegt að læra af sameinaðri reynslu verkalýðsins í baráttu hans gegn borgarastéttinni allt frá dögum Karls Marx til Maós Tsetungs og tengja þessa almennu reynslu hinum sérstöku aðstæðum hér á Íslandi. Öreigastéttin verður að hefja byltingarsinnað námsstarf í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs. Kommúnistahreyfingin m-l hefur einsett sér að stefna að myndun kommúnísks byltingarflokks, sem er þess megnugur að leiða öreigastéttina til byltingar gegn auðvaldinu. Þess vegna setur KHML fram vígorðin: STÉTT GEGN STÉTT - LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR - NIÐUR MEÐ KAPÍTALISMANN OG HEIMSVALDASTEFNUNA - LIFI SÓSÍALISMINN OG ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA!



Frh.af bls.8

Mai Loc...

þessum stöðvum. Í Mai Loc stöðinni voru til varnar 7. herdeildin og þeir, sem höfðu komizt af úr hinum föllnu stöðvum. Þessi stöð var nærri einangruð frá umheiminum. Öllum njósnasveitum, sem voru sendar þaðan, var þegar í stað eytt. Smám saman jókst sprengjuárásin, stórskotalið óvinarins varð óvirkt og eldar loguðu víðsvegar í herstöðinni.
3. apríl réðst P.L.A.F. (þjóðfrelsisherinn) inn í Mai Loc herstöðina, felldi flesta úr varnarliðinu og skaut niður þrjár bandarískar flugvélar, sem reyndu að flytja Saigonhersveitirnar burt.

ALÞÝÐAN HANDSAMAR KVISLINGANA.

Margir þeirra, sem komust af, gáfust upp eða voru handteknir af þjóðfrelsishernum. Studd af þjóðfrelsishernum reis alþýðan upp, sem lokuð hafði verið í fangabúðum, og flæmdi kvislingana út úr grenum sínum. Nokkrir þeirra reyndu að fela sig meðal fjöldans, en þeir voru fljótlega afhjúpaðir og afhentir þjóðfrelsishernum.
Eftir heiftarlegar árásir, sem stóðu í 5 daga, eyddi þjóðfrelsisherinn með stuðningi alþýðunnar síðustu leifum 147. hersveitar Saigonshersins.
Þýtt úr kínverska blaðinu HSINHUA).

Nú,þegar Stéttabaráttan kem- út í annað sinn, er hún bæði stærri og vandaðri en áður og um leið markvissari og tengdari stéttabaráttunni á Íslandi. Upplagið hefur tvöfaldazt og áskrifendur safnazt í ríkum mæli. En það,sem meira máli skiptir, við höfum dreift kommúniskum áróðri meðal verkamanna og fengið mikinn hljómgrunn meðal þeirra. Verkamenn og heiðarlegir stuðningsmenn öreigastéttarinnar! Lesið Stéttabaráttuna og gerið hana að voldugu vopni til skipulagningar og samhæfingar á baráttunni gegn arðráni og kúgun auðvaldsins!

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Kristján Guðlaugsson



KHML hvetur alla byltingasinnaða verkamenn til að lesa bæklinginn"Reynslan af kjarabaráttunni"og gera hana að vopni í kjarabaráttunni.
Verð:50kr.

Stéttabaráttan

BYLTINGARSINNAÐIR VERKAMENN! Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI og gerið hana að beittu vopni í baráttunni gegn kúgun og arðráni borgarastéttarinnar.

Sendið miða til Sigurðar
Jóns Ólafssonar
Öldugötu 7A kj. R.

NAFN ______________________

HEIMILISF. ______________________

ÁSKRIFT:KR.200 ☐
STUÐNINGSÁSKRIFT:KR.300 ☐
BARÁTTUÁSKRIFT:KR.500 ☐

Borgarastéttin færir út einokunarsvæði sitt



INNGANGUR.

Skefjalaus áróður hefur verið rekinn fyrir útfærslu landhelginnar undanfarna mánuði og hefur ýmsum aðferðum verið beitt í þeim áróðri. Fyrir þessum áróðri hafa staðið borgarastéttin og skósveinar hennar í ríkisstjórn og í verkalýðsforystunni og hafa þessir aðilar notfært sér vald sitt yfir öllum fjölmiðlum. Einnig hafa ýmiss konar "róttæk samtök" tekið þátt í þessari áróðursherferð. Grein þessari er ætlað að sýna fram á hversvegna fyrrgreindir aðilar taka afstöðu með útfærslunni. Einnig mun í greininni fjallað um hvernig marxistar-lenínistar mynda sér afstöðu í þessu máli. Að lokum verður rætt um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og sýnt fram á hvernig sá réttur er freklega rangtúlkaður í þessu máli.

AFSTAÐA BORGARASTÉTTARINNAR OG RÍKISSTJÓRNARINNAR.

Ísland er í dag auðvaldsþjóðfélag með innlenda borgarastétt, sem kúgar og arðrænir íslenzka verkalýðsstétt. Þessi fámenna borgarastétt drottnar yfir öllu þjóðfélaginu, framleiðslu þess, framleiðslutækjum, ríkisvaldi og fjölmiðlum. Takmark þessarar stéttar er að auka gróða sinn sem mest og greiða hinum arðrændu sem minnst fyrir vinnu þeirra. Afstöðu þessarar stéttar verður að skoða út frá þessu grundvallarsjónarmiði hennar. Takmark hennar með útfærslu landhelginnar er því að auka arðrán sitt á verkalýðsstéttinni. Með þetta takmark í huga og ekkert annað beitir hún öllu valdi sínu til að færa út landhelgina og nýtur dyggrar aðstoðar skósveina sinna í ríkisstjórn og í verkalýðsforystunni. Þessi aðstoð verkalýðsforystunnar kom berlega í ljós 1. maí á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, þegar hún lagði kjarabaráttuna til hliðar og fyrirskipaði "sunnudagsgöngu" niður Laugaveginn í þágu 50 mílnanna.

Þá vaknar sú spurning, hversvegna berst auðvaldsstéttin svo hatrammlega fyrir útfærslunni. Það gerir hún til að auka gróða sinn og arðrán sitt á íslenzkum verkalýð. Á þessum grundvelli er síðan rekin áróður fyrir þjóðareiningu til að vernda fiskimiðin fyrir ásókn erlendra fiskiskipa, þ.e.a.s. svo íslenzka borgarastéttin geti sjálf fengið að veiða allan fisk við Ísland.

Því er allt hjal hennar um lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar aðeins til að blekkja íslenzkan verkalýð og svæfa niður stéttabaráttuna.

AFSTAÐA S.K. "RÓTTÆKRA SAMTAKA".

Fylkingin (svo eitthvað dæmi sé tekið um "róttæk samtök") hefur tekið afstöðu með útfærslu landhelginnar að því er "virðist" á þeim grundvelli, að Ísland sé kúguð þjóð í grimmilegri baráttu við kúgandi heimsvaldaríki. Hún slær því föstu þar með, að höfuðmóthverfan sé milli íslenzku þjóðarinnar og heimsvaldastefnunnar, án þess að færa nokkrar röksemdir eða gera rannsóknir svo vitað sé. Er þessi afstaða í fullu samræmi við allt "starf" Fylkingarinnar og flettir ofan af þeirri staðreynd, að hún er tækifærissinnuð og grípur á lofti hvert það mál, sem er í brennipúnkti og gefur síðan út yfirlýsingu, sem hún heldur að afli henni vinsælda. Kjörorð hennar er því: baráttan allt - markmiðið ekkert. Gott dæmi um hringlandahátt og stefnuleysi eru eftirfarandi dæmi úr 1. maí blaði Neista ´72: Á bls. 8 stendur: "Þessi hluti borgarastéttarinnar er í ósættanlegri mótsetningu við verkalýðsstéttina í landinu, en í baráttunni gegn erlendri yfirdrottnun mynda þessar stéttir í skilorðsbundinni einingu aðra hlið mótsetningarinnar milli heimsvaldastefnunnar annars vegar og sjálfsákvörðunarréttar íslenzku þjóðarinnar hins vegar." Ennfremur er vitnað í Lenín um baráttu borgarastéttar kúgaðrar þjóðar og stuðning kommúnista við hana. Af þessu ætti að vera hægt að draga þá ályktun, að á Íslandi ætti nú að mynda sem breiðasta samfylkingu. En bíðum við! Á bls. 7 stendur: "Íslenzka ríkið er kapítalískt ríki, sem byggir á arðráni manns á manni (svo!). Hagsmunum íslenzkrar arðránsstéttar sem er valdstéttin á Íslandi - ..." (Undirstrikun og athsemd mín). Af þessum dæmum má sjá, að Fylkingin hefur engan skilning á sósíalisma. Í fyrra dæminu heldur hún því fram, að Ísland sé kúgað land, en í því síðara, að Ísland sé sjálfstætt kapítalískt ríki.

Skilningur hennar á arðráni er "arðrán manns á manni"! Grundvallarhugsun marxismans-lenínismans, stéttahugsunin, hverfur hér fyrir smáborgaralegri túlkun!!

Skósveinar auðvaldsins í ríkisstjórn hafa reynzt því mjög vel að blekkja verkalýðinn til fylgilags við auðvaldsstéttina. Þessir herrar hafa beitt til þess ýmsum brögðum eins og sjá má á ræðu Magnúsar Kjartanssonar á 1. maí. Þar segir hann eftirfarandi: "Barátta Víetnama verður skráð sem eitthvert mesta hetjuafrek mannkynssögunnar. En þeir stóðu ekki einir. Þeir hafa haft að bakhjarli sama aflið og við í landhelgismálinu þá þjóðfrelsisbaráttu sem háð er um allan heim, í öllum löndum, fyrir þeim hugsjónum sem tengdar eru 1. maí." (Þjóðviljinn 3. maí, bls. 7). Með þessum orðum reynir hann að blekkja íslenzkan verkalýð til stéttasamvinnu. En þessi samanburður

Frh.bls.7

J.V.STALÍN



Vegna ósvífinna og hraklegra skrifa um félaga Jósef Stalín í íslenzku borgarapressunni væri ekki úr vegi að benda á fáein atriði.

Þessi mikli leiðtogi öreigastéttarinnar skýtur borgurum heimsins enn þann dag í dag slíkan voðaskelk í bringu, að nálegir og afturhaldssamir moðhausar borgarapressunnar fá ákaft lof í eyra fyrir níðingslegan lygaáróður sinn um félaga Stalín. Afstaðan til Stalíns gefur nokkuð glögga hugmynd um, hvort afstaða manna er byltingarsinnuð eða ekki. Smáborgararnir óttast og hata hann, af því hann er tákn fyrir valdbyltingu öreiganna, skipulagningu þeirra og sigur í stéttabaráttunni, tákn fyrir alræði öreiganna, þar sem einkaeignin er afnumin og sameignin tekur við. Við kommúnistar tökum óræka og hiklausa afstöðu með þessum mikla leiðtoga öreigastéttarinnar og munum við seinna tækifæri varpa skæru ljósi á starf Stalíns í þágu byltingarinnar og öreigastéttarinnar.

Lifi félagi Jósef Stalín!



Straumsvík: kúgun og hroki yfirmanna

Fyrir um það bil 2 mánuðum gerðu járniðnaðarmenn og verkamenn í Álverinu í Straumsvík setuverkfall til að mótmæla hroka og yfirgangi eins flokksstjórans á verkstæðinu. Sú samstaða, sem verkamennirnir sýndu í setuverkfallinu, þrátt fyrir hótanir yfirmanna, hefur sýnt verkamönnunum í Straumsvík, að ef þeir standa saman og láta engan bilbug á sér finna, geta þeir náð fram kröfum sínum og yfirstjórn verksmiðjunnar megnar alls ekki að yfirbuga þá. Sú frekja, sem einn af flokksstjórunum sýndi af sér í marz s.l. er ekki eitthvað, sem hann fann upp hjá sjálfum sér, hann er aðeins að sýna trúmennsku sína og undirlægjuhátt við vilja Svissneska einokunarhringsins, raunar á hrokafyllri hátt en oftast hefur verið. Stéttabaráttan gerði menn út af örkinni til að ræða við verkamann í Álverinu, sem styður pólitík Kommúnistahreyfingarinnar m-l. Hann hefur unnið þar í langan tíma og er öllum hnútum vel kunnugur. Af skiljanlegum varúðarráðstöfunum vildi verkamaðurinn ekki láta nafns síns getið - fer viðtalið hér á eftir.

Sp: Telur þú, að setuverkfallið hafi náð tilætluðum árangri?
Sv: Nei, ástandið hefur síður en svo batnað, enda tókst verkfallið ekki nema að litlu leyti. Þar sem í fyrsta lagi var sætzt á málin, án þess að flokksstjórinn væri látinn hætta og í öðru lagi hefur yfirgangur yfirmanna aukizt til muna. En það tókst að því leyti, að verkamenn sýndu samstöðu.
Sp: Koma íslenzkir yfirmenn betur fram við verkamenn en erlendir yfirmenn?
Sv: Nei, íslenzkir yfirmenn þjóna auðhringnum jafn dyggilega og erlendir yfirmenn. Það mætti þó segja að það er skárra að hafa erlendan verkstjóra, sem þegir þó allan daginn.
Sp: Geturðu nefnt mér dæmi um hvernig yfirgangur yfirmanna hefur aukizt frá setuverkfallinu?
Sv: Já, t.d. var gerð um daginn þjófaleit í skápum verkamanna. Þetta hefur að vísu gerzt áður, en í það skipti lá fyrir kæra og leitin var gerð í samráði við trúnaðarmann og lögreglan framkvæmdi leitina. En í þetta skipti lá engin kæra fyrir og var ekki haft samráð við trúnaðarmann né lögreglu, heldur var leitin aðeins gerð af yfirmönnum til að ögra verkamönnum.
Sp: Bar leitin árangur?
Sv: Sem ögrunaraðgerð bar hún árangur og er mikil ólga í verkamönnum vegna hennar, en ekkert hefur þó verið gert til að mótmæla henni. Til þess að dylja raunverulegan tilgang aðgerðanna þóttust yfirmennirnir hafa fundið þýfi; sex stykki 1313sápu, sem þeir þefuðu upp í einum skápnum. Þegar þeir báru þennan hræðilega "þjófnað" upp á verkamanninn, sem átti skápinn, brást hann reiður við, því sápurnar hafði hann keypt í pöntunarfélagi á staðnum, sem einmitt selur sex sápur í búnti. Verkamaðurinn sagði upp og fór heim, en kom þó aftur eftir að yfirmennirnir höfðu beðið hann afsökunar.
Sp: Hvaða aðferðir notar yfirstjórn verksmiðjunnar til að bæla niður óánægju verkamanna?
Sv: Það eru margar aðferðir notaðar til þess og er ein sú árangursríkasta að segja verkamönnum, að fyrir utan hliðið bíði aðrir 400 verkamenn eftir að fá atvinnu og að við ættum frekar að þakka fyrir að hafa fengið þessa vinnu.
Sp: En hvað með trúnaðarmennina, geta þeir annað því, sem þeir eiga að gera?
Sv: Það hefur sýnt sig, að þetta trúnaðarmannakerfi fullnægir alls ekki jafn stórum vinnustað eins og Álverið er. Trúnaðarmaðurinn getur ekki haft yfirsýn yfir alla vinnustaði verksmiðjunnar og mikið hefur borið á því, að þeir hafa aðeins hugsað um að bæta kjör og vinnuaðstæður, þar sem þeir vinna sjálfir.
Sp: Nú var mikið rætt um, að kaup verkamanna í Straumsvík væri hærra en almennt gerist, hefur þetta breytzt?
Sv: Já, á þessu hefur orðið mikil breyting. Kaup verkamanna hér er síður en svo hærra en gerist og gengur, eða 11 þúsund í grunnlaun í tvær vikur.
Sp: Hver er lengd vinnudagsins?
Sv: Við erum sóttir kl. 7 og byrjum vinnu kl. 8, en erum búnir kl. 5 og komnir heim kl. 6.
Sp: Hvað hafið þið langan tíma í mat og kaffi?
Sv: Hálftíma í mat og 15 mínútur í kaffi. Í sambandi við lengd kaffitímans kemur þrælslund "verkalýðsforingjans" vel í ljós, þegar hann samdi um það við Álverið, að verkamenn skyldu hætta vinnu kl. 9-35 og hefja hana að nýju kl. 9-50. Með öðrum orðum nota sinn eiginn 15 mínútna kaffitíma til að fara úr og í kaffi.
Sp: Stjórn verksmiðjunnar hefur haldið því fram, að hún geri ýmislegt fyrir starfsmenn, t.d. með því að halda keppni milli vinnuflokka, þar sem sá flokkur vinnur ferð til Grænlands, sem hefur fæsta slysatölu og bezta mætingu. Hvernig verkar þetta á samstöðu verkamannanna?
Sv: Þetta er rétt. En hinn raunverulegi tilgangur með þessu er sá að fækka fjarvistum verkamanna. Því ef einhver slasast verða vinnufélagar hans mjög reiðir, ef hann verður frá í meira en þrjá daga, en það þýðir, að þeir hafa tapað keppninni. Með þessu sundra þeir samstöðu okkar. T.d. gerðist það hér um daginn, að einn verkamaðurinn fingurbraut sig og varð að vera frá vinnu af þeim sökum. En eftir tvo daga neyddist hann til að mæta vegna pressu frá vinnustaðnum.
Sp: Ef verkamaður slasast er þá ekki annar settur í hans stað?
Sv: Þó að einhver verði frá í nokkra daga kemur aldrei maður í hans stað og er það nokkuð sama hve lengi hann verður frá, vinnuálagið er aðeins aukið á hinum, sem vinna með honum.
Sp: Að lokum, hvernig finnst þér starfsemi verkalýðsforystunnar í Straumsvík?
Sv: Með slælegu og svikulu starfi sínu þjónar verkalýðsforystan fyrst og fremst hagsmunum fyrirtækisins og skapar sundrungu meðal verkamannanna.

Þetta viðtal hér að framan, sem haft var við verkamann úr Álverksmiðjunni í Straumsvík sýnir glögglega hina hörðu stéttabaráttu, sem háð er þar dag hvern. Það sýnir, að ef verkamennirnir þar standa saman eru þeir sterkasta aflið.

Ef við drögum saman þá reynslu, sem við höfum úr stéttabaráttunni í dag, þá kennir hún okkur, að til þess að verkalýðsstéttin geti unnið sigur í stéttabaráttunni og byggt upp sósíalismann verður hún að skipuleggja sig á byltingargrundvelli og smíða það eina vopn, sem bítur : KOMMÚNISTAFLOKK.

Í samræmi við höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag, byltingarsinnað námsstarf, hefur Kommúnistahreyfingin m-l unnið námshring úr grundvallarþáttum kommúnismans sem lið í því starfi að undirbúa stofnun kommúnísks byltingarflokks.

Sósíaldemókratíið er þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar

Það er ekki ólíklegt, að þetta vígorð, sem sett var fram á 12. fundi Framkvæmdanefndar Alþjóðasambands Kommúnista 1933 komi óþyrmilega við kaunin á stéttasamstarfsmönnunum og tækifærissinnunum úr gamla Kommúnistaflokknum, sem tókst með moldvörpustarfsemi sinni og klíkubrögðum, að sundra K.F.Í. og sameina leifar hans tækifærissinnunum úr gamla krataflokknum í nýjan og öflugri krataflokk, sem hlaut 1938 nafnið Sósíalistaflokkurinn – sameiningarflokkur alþýðu. Þegar nafnið var orðið of róttækt var hann síðan skírður upp og kallast nú Alþýðubandalagið. Einn af marxistum-lenínistum K.F.Í, Hjalti Árnason, lýsir þessari þróun á spámannlegan hátt þegar 1934: "Með því að vinna að klofningi á fylkingum hins byltingarsinnaða verkalýðs,eru liðhlauparnir og tækifærissinnarnir (hér er átt við hinn illræmda stéttsvikara Stefán Pétursson, ennfremur Einar Olgeirsson, sem hvatti til skilnings, sátta og samstarfs við sósíalfasistana) að veita auðvaldinu bezta stuðning, sem hægt er að veita því á yfirstandandi tíma. Og þessi starfsemi stefnir í þá átt að skapa nýjan krataflokk með margfalt skæðari blekkingarmeistara á oddinum, heldur en Alþýðuflokkurinn hefir á að skipa." (Verklýðsblaðið, 29. maí, 1934).
Og vissulega eru blekkingarmeistarar Alþýðubandalagsins skæðari en raunin var um Alþýðuflokkinn á sínum tíma. Þeir hafa eins og fyrirrennarar þeirra barizt með oddi og egg gegn byltingarstarfi verkalýðsins og í staðinn breitt út um þjóðsöguna um, að einungis þingræðisleg barátta henti við íslenzkar aðstæður, og þeir halda geysilega mörgum verkamönnum í viðjum sósíaldemókratískrar hugsunar og hindra þá þannig frá byltingarstarfi. Þegar við setjum fram eftirfarandi vígorð í dag, beinum við því gegn blekkingarmeisturum Alþýðubandalagsins: Sósíaldemókratíið er þjóðfélagsleg höfuðstoð auðvaldsins á Íslandi!

Á HVERN HÁTT ER SÓSÍALDEMÓKRATÍIÐ ÞJÓÐFÉLAGSLEG HÖFUÐSTOÐ AUÐVALDSINS?

Deilurnar í K.F.Í. 1934 sem lyktuðu með því, að samfylkingarmenn urðu ofan á, en marxistarnir-lenínistarnir lutu í lægra haldi, snerust einkum um baráttuna gegn sósíaldemókratíinu. Stéfán Pétursson o.fl. héldu því fram, að sósíaldemókratíið væri höfuðstoð borgarastéttarinnar innan verkalýðsstéttarinnar. Gegn þessari röngu stefnu stóðu marxistar-lenínistar, studdir af Alþjóðasambandi Kommúnista, sem settu fram hina réttu stefnu, að sósíaldemókratíið væri þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar. Hin hugmyndafræðilega barátta sem átti sér stað innan K.F.Í. var stéttabarátta milli þeirra er stóðu á grundvelli sögulegs hlutverks öreigastéttarinnar og hinsvegar þeirra er túlkuðu borgaralega hugmyndafræði í líki sósíaldemókratískrar undansláttarpólitíkur og stéttasamvinnu. Í Verklýðsblaðinu 3. okt. 1933 segir: "Það eru yfirráð Alþýðuflokksforingjanna yfir meirihluta verkalýðsins á þýðingarmestu stöðunum, sem hindrar hagsmunabaráttu verkalýðs á þessum stöðum, sem svíkja hana og kæfa í hvert sinn, sem verkalýðurinn þrátt fyrir þá rís upp til baráttu. Það eru völd og drottnun þeirra, sem hindra baráttuna gegn launalækkunum, atvinnuleysi og ríkislögreglu, fyrir kauphækkun, styttingu vinnutímans, fyrir atvinnuleysistryggingum og verulegum atvinnubótum."

Ef við berum þessa tilvitnun saman við yfirráð sósíaldemókratanna í Alþýðubandalaginu og baráttu þeirra gegn launahækkun og fyrir kauplækkunum og ríkislögreglu, er augljóst að Alþýðubandalagsforingjarnir hafa axlað þær byrðar, sem gömlu krataforingjarnir báru á kreppuárunum. Þeir eru þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar með því að þeir halda meirihluta verkalýðsins frá byltingarbaráttu og í viðjum stéttasamvinnupólitíkurinnar. Með því að vinna gegn byltingarsinnuðu starfi verkalýðsins og beina baráttunni inn á svið þingræðislegs örverpisháttar og með því að styrkja valdatæki borgarastéttarinnar og stuðla að hertu arðráni á verkalýðnum, á allan hátt!

"LÆRISVEINAR HITLERS Á MANNAVEIÐUM"

Þessi fyrirsögn er tekin úr Verklýðsblaðinu 29. maí 1934 og fjallar greinin um 4ra ára áætlun Alþýðuflokksins, sem var sett fram til að veiða atkvæði og var að meira eða minna leyti hrein eftirmynd 4ra ára áætlunar þýzku nazistanna. Áætluninni er lýst svo í greininni: "Þungamiðjan í þessari kosningatálbeitu krataforingjanna eru blekkingar um að unnt sé að "endurbæta" auðvaldsskipulagið, að hægt sé að skapa "atvinnu-lýðræði" innan þess og útrýma mótsetningunum milli auðmanna og öreiga. Þessar blekkingar eru ný útgáfa af kenningum útlendra og innlendra fasista og krataforingja um "skipulagt auðvald"." Enn finnast þeir menn, sem kalla sig sósíalista og verkalýðssinna, en lýsa því jafnframt yfir að þeir séu fylgjandi slíkum 4ra ára plönum í anda nazismans. Í Rétti 4, '71, bls. 210, er farið lofsyrðum um 4ra ára áætlunina og hún kölluð liður í baráttunni fyrir áætlunarbúskap á Íslandi! Inntakið í stefnu Alþýðubandalagsins er einmitt áætlunarbúskapur fyrir auðvaldið, "skipulagt auðvald" eins og kratarnir létu það heita fyrr á árum! Það kemur þess vegna engum á óvart, að það eru sömu mennirnir, sem ausa lofsyrðum yfir þessar gömlu kosningabrellur og stéttasamstarfsáætlanir sósíalfasistanna í Alþýðuflokknum og hafa predikað hlé á stéttabaráttunni og "samstarf með öflugustu stéttum landsins". Þessa menn er að finna í forystusætum Alþýðubandalagsins og til samanburðar við 4ra ára plan sósíalfasistanna í Alþýðuflokknum er fróðlegt að líta á eftirfarandi skilgreiningu úr Drögum að stefnuskrá Alþýðubandalagsins: "Í háþróuðum auðvaldslöndum hefur auðvaldinu tekizt að draga í bili nokkuð úr þeim mótsögnum, sem beinast ógnuðu tilvist þess. Þar hefur verið komið meira skipulagi (svo!) á hina þjóðfélagslegu framleiðslu, og vinnandi stéttir hafa knúið fram innan ríkjandi þjóðfélagskerfis stórfellda breytingu til hins betra(!) á efnalegum lífskjörum sínum og félagslegum réttindum." Þetta er furðu djarft að bera á borð fyrir verkalýð, sem fær daglega fréttir um gífurlegt og vaxandi atvinnuleysi í hinum "háþróuðu auðvaldslöndum" eins og USA, Englandi o.fl., eða horfir á stéttarbræður sína skotna niður eins og skepnur í sjónvarpinu af brezku heimsvaldasveitunum á N.-Írlandi! Þessari klausu er ætlað að slá ryki í augu verkalýðsins og reyna að sannfæra hann um að barátta hans gegn kúgun og arðráni auðvaldsins sé þýðingarlaus, vegna hins "skipulagða auðvalds" og að félagsleg réttindi séu möguleg í borgaralegu þjóðfélagi undir forystu Alþýðubandalagsins. Þetta er borgaralegur áróður til að fegra borgaralegt þjóðfélag! Einu félagslegu réttindi, sem verkalýðnum eru tryggð án hatrammrar pólitískrar baráttu innan hins borgaralega þjóðfélags, eru réttindin til að vera arðrændur og kúgaður af auðvaldinu.

Heil!

FRÁ MARXISMA - TIL DJARFRAR SAMFYLKINGARPÓLITÍKUR.

K.F.Í. var kommúnískur byltingarflokkur, sem tók afstöðu gegn atkvæðaveiðurunum í Alþýðuflokknum og afstaða hans til þátttöku í alþingiskosningunum '34 gefur okkur lifandi dæmi um afstöðu marxista-lenínista til hins borgaralega þingræðis. Sjónarmið K.F.Í. var sett svona fram í Verklýðsblaðinu 29. maí '34: "Engu að síður mun K.F.Í. taka þátt í borgaralegum kosningum, til þess að nota, í þágu verkalýðsins, þann orustuvöll, sem þingræðið kostar. Nota hann til þess að afhjúpa frammi fyrir alþýðu landsins lýðskrum allra hinna borgaralegu flokka og fjandskap þeirra við raunverulegar hagsmunakröfur alþýðunnar, en um leið að fylkja verkalýð og bændum til virkrar baráttu fyrir slíkum kröfum, utan löggjafarsamkundu hins borgaralega ríkisvalds." Einstaka meðlimum K.F.Í., sem ekki báru hagsmuni verkalýðsins fyrir brjósti fannst þessi afstaða að vonum slæm. Við skulum sjá hvernig samfylkingarpáfinn Einar Olgeirsson lýsir hrifningu sinni yfir þróun K.F.Í. í átt að sósíaldemókratískum flokki, í Rétti 4 '71: "K.F.Í. leið í kosningunum 1934 hins vegar enn undir áhrifum einangrunarstefnu, en tók upp djarfa(!) samfylkingarpólitík eftir kosningar." (bls. 210).

Marxistarnir í K.F.Í. skildu mæta vel stéttareðli hins borgaralega ríkisvalds og þeir gerðu sér ljóst, að hið borgaralega ríki var tæki auðvaldsins til að kúga og arðræna verkalýðinn, þess vegna var þátttaka í borgaralegu ríkisvaldi óhugsandi. En samfylkingarmenn innan K.F.Í., sem vildu leggja K.F.Í. niður og stofna krataflokk með "vinstri armi" Alþýðuflokksins, kölluðu þetta einangrunarstefnu og börðust hatrammlega gegn henni. Fyrir tilstilli þeirra var K.F.Í. lagður niður og hin "djarfa" samfylkingarpólitík tekin upp eftir kosningar og hefur hún haldizt síðan.

Við getum skoðað ávöxtu þessarar "djörfu" samfylkingarpólitíkur eins og þau birtast okkur í dag. Málefnasamningur "Alþýðustjórnarinnar" eins og blygðunarlausustu tækifærissinnarnir kalla hana, flettir ofan af hlutverki hennar og í hvers þágu hún starfar. Er þar nóg að minnast á hið "stranga verðlagseftirlit", sem átti að tryggja verkalýðnum að kjör hans yrðu ekki skert meira en orðið var. Það er hverjum verkamanni ljóst, sem hefur reitt sig á loforð þessara "alþýðuherra", og orðið að þola hverja kjaraskerðinguna á fætur annarri, í formi verðhækkana og aukinnar skattpíningar, hverjum þeir raunverulega þjóna. Þeir eru framverðir auðvaldsins í kjaraskerðingarsókn þess og hertu arðráni á verkalýðnum. Í málefnasamningnum segja þeir beint út um fyrirætlanir sínar og lofa "að beina auknu fjármagni til iðnaðarins með það fyrir augum, að hann verði færi um að taka við verulegum hluta þess vinnuafls (og væntanlega fær um að arðræna það á sem hrottalegastan hátt líka! - mín aths.), sem sjá þarf fyrir atvinnu á næstu árum." Nýju fötin sósíalfasistanna megna ekki að slá ryki í augu stéttarmeðvitaðra verkamanna. Alþýðubandalagið og "alþýðustjórn" þess eru þjóðfélagslegar höfuðstoðir íslenzkrar borgarastéttar!

ÞJÓÐREMBINGSSÓSÍALISMI - SÓSÍALFASISMI.

Svo ósvífnir eru broddar Alþýðubandalagsins og öruggir með tök sín á íslenzkum verkalýð, að þeir tala kotrosknir um að stjórn þeirra leiði nú ekki til sósíalisma, en hún hreki burt erlent auðvald og auðveldara sé að berjast gegn innlendri borgarastétt! Utan á Rétti trónar slagorð nazistanna frá 1937: "Ísland fyrir Íslendinga" og hvarvetna í málflutningi þeirra er talað um samstöðu Íslendinga gegn erlendri ásælni og erlendum her. Það er aldrei vikið orði að því, að Ísland er stéttaþjóðfélag og að mótsetningar milli íslenzkra auðmanna og íslenzks öreigalýðs eru ósættandi! Gamla kratalygin um eina þjóð og eitt ríki skín í gegnum þjóðrembingssósíalisma herranna í Alþýðubandalaginu. "Íslenzka iðnvæðingarforystu" fyrir hvern? Það er ekki um að ræða eitt ríki og eina þjóð á Íslandi, heldur ríki borgarastéttarinnar til að kúga og arðræna verkalýðsstéttina - þess vegna rekur Alþýðubandalagið iðnvæðingarforystu íslenzks auðvalds! Eitt skýrasta dæmið um algjör svik Alþýðubandalagsins, þjóðfélagslegrar höfuðstoðar borgarastéttarinnar, er viðleitni "alþýðuherranna" til að koma á fót ríkislögreglu! Þeir vinna að því að styrkja ofbeldistæki borgarastéttarinnar gegn verkalýðnum, lögregluna, með því að bera fram frumvarp um ríkislögreglu á alþingi.

Þetta er engan veginn nein nýjung, sósíalfasistar allra landa hafa á öllum tímum stutt auðvaldið með ráði og dáð í árásum þess á verkalýðinn. Í Verklýðsblaðinu 3. okt. 1933 segir svo: "Íslenzku sósíaldemókratarnir hafa hjálpað borgarastéttinni til að efla kúgunartæki hennar. Þegar lagt var fyrir þingið á þessu ári lagafrumvarp um stofnun ríkislögreglu, gerðu þeir allt til að hindra baráttu verkalýðsins gegn þessum lögum og framkvæmd þeirra."

Hér hefur lauslega verið drepið á eðli sósíaldemókratísins og á hvern hátt það er þjóðfélagsleg höfuðstoð auðvaldsins og hlutur AB að nokkru verið tekinn upp. Barátta öreiganna gegn borgarastéttinni verður ekki háð undir leiðsögn endurbótasinna og sósíalfasista. Þess vegna er öllum stéttvísum verkamönnum nauðsynlegt að hefja skipulega og markvissa baráttu á grundvelli marxismans-lenínismans, gegn Alþýðubandalaginu, þjóðfélagslegri höfuðstoð íslenzkrar borgarastéttar. Alþýðubandalagið er hinn taktíski höfuðóvinur í dag, af því að innan vébanda þess er meirihluti verkalýðsins í viðjum borgaralegrar umbótastefnu og undir leiðsögn svikullar forystu sósíalfasismans!

K.G.

Hvers vegna kom Stéttabaráttan ekki út 1.maí?

KHML hefur það að markmiði að vekja íslenzka öreigastétt til meðvitundar um sögulegt hlutverk sitt, sósíalíska byltingu, og stefna markvisst að stofnun kommúnistaflokks, sem einn getur leitt öreigastéttina til sigurs í stéttabaráttunni. Hreyfingin starfar að þessum markmiðum með því að reka kommúnískan áróður fyrir skipulagningu verkalýðsins á byltingargrundvelli og mun ekki láta neitt tækifæri sér úr greipum ganga svo framarlega hreyfingin sé þess megnug.

Það vakti því undrun margra stuðningsmanna og velunnara KHML, að ekkert eintak af Stéttabaráttunni skyldi koma út 1. maí s.l.
Forsaga þess er sú, að KHML hugðist ganga til samstarfs við Sósíalistafélag Reykjavíkur á jafnréttisgrundvelli um blaðaútgáfu 1. maí. Var stofnuð sameiginleg ritnefnd, sem skyldi vinna að blaðinu, ræða efni þess og frágang.

"SAMSTARFIÐ".


"Samstarfið" náði þó aldrei að verða annað en nafnið tómt, SR ritnefndin sýndi í verki, að hún var alls ófær um að skilja merkingu orðsins samstarf, hvað þá samstarf á jafnréttisgrundvelli. Eftirtalin atriði ættu að nægja til að sýna hversu öfugsnúinn skilningur þeirra reyndist á samstarfinu.
KHML lagði fram allar greinar í handriti, en SR sýndi sínar greinar ekki fyrr en þær voru fullsettar í blý. Þessi vinnubrögð sýndu, að það var ekki ætlun þeirra að láta KHML hafa nein áhrif á það efni, sem þeir birtu. Annað var uppi á teningnum hvað viðkom greinum KHML, þær lúslásu þeir og gagnrýndu einstaka orð og setningar.
SR neitaði tveimur greinum KHML (af fimm) um birtingu og neitaði að taka til greina gagnrýni KHML á greinar SR.
Auglýsing frá SÍS var sett í blaðið, þrátt fyrir mótmæli KHML, en annarri af greinum KHML var hafnað sökum "plássleysis".
Ritnefnd SR setti greinar í blaðið, sem aldrei voru bornar undir KHML fulltrúana, þeir sáu ekki greinarnar fyrr en þær birtust fullfrágengnar í blaðinu.
Þegar blaðið kom úr prentun var fátt, sem benti til, að aðrir en félagar SR hefðu lagt hönd á plóginn, m.a. var hætt við að hafa rauða fána ásamt hamri og sigð í haus blaðsins eins og ritnefndin hafði ákveðið. Báru SR fulltrúarnir við tæknilegum örðugleikum, þrátt fyrir yfirlýsingar starfsmanna prentsmiðjunnar um að hægt væri að prenta rauða litinn.
Ofangreindar aðgerðir ritnefndarmanna SR leiddu til þess að blaðið stóðst ekki þær kröfur, sem KHML gerir til kommúnísks blaðs og því varð ekkert úr sölu á 1. maí af hálfu KHML.

KOMMÚNISTAR PRÍVAT - SÓSÍALISTAR ÚT Á VIÐ!

Ritnefndarmenn SR höfnuðu í upphafi tillögu KHML um að kalla blaðið 1. maí blað kommúnista og báru þeir því við, að þeir væru ekki opinberlega kommúnistar, en í prívat viðræðum myndu flestir þeirra gangast við, að þeir væru kommúnistar.
Væri svo að í stjórn SR væru kommúnistar myndu þeir haga starfi sínu töluvert á annan veg en fram kemur í Nýrri Dagsbrún, en í skrifum sínum þar fara þeir yfirleitt eins og köttur í kringum heitan graut og nefna byltinguna sjaldan á nafn, þeir varast að taka til meðferðar klofninginn í alþjóðahreyfingu kommúnista (sósíalheimsvaldastefnuna og nútíma endurskoðunarstefnu leiðtogaklíku Sovétríkjanna) af hræðslu við klofning í eigin röðum. Þeir lýstu því yfir í viðræðum við KHML, að ekki mætti segja "vissa hluti" við verkalýðinn (í grein KH ML um Dagsbrúnarforystuna var gengið of langt að mati SRmanna) og kemur það greinilega fram í greinum þeirra um skatta- og verðhækkanastefnu "alþýðustjórnarinnar", þar sem þeir bölsótast yfir aðgerðum núverandi ríkisstjórnar, án þess að setja þær í pólitískt samhengi eða benda á hvað beri að gera.
Með þessu lýsa þeir vantrausti á verkalýðinn og afhjúpa sig sem ökónómista, því "kommúnistar hirða ekki um að leyna skoðunum sínum og ætlunum. Þeir lýsa því yfir afdráttarlaust, að takmarki þeirra verði því aðeins náð, að allri þjóðfélagsskipan verði steypt af stóli með valdi. Leyfum hinum drottnandi stéttum að skjálfa fyrir kommúnistabyltingu. Þar hafa öreigarnir engu að týna nema hlekkjunum. Þeir eiga heilan heim að vinna." (Kommúnistaávarpið)

RITSKOÐUN Í STAÐ FRÆÐILEGRAR BARÁTTU

Greinarnar, sem SR neitaði um birtingu birtast hér á opnunni og getur hver og einn kynnt sér efni það, er ritnefnd SR telur óbirtingarhæft. Orsakir ritskoðunarinnar eru tengsl þessara manna við þá atburði, sem talað er um í greininni um sósíaldemókratíið, þeir hafa aldrei svo vitað sé birt nein skrif, sem varpað gætu ljósi á öfugþróun þá, sem hófst 1938, er KFÍ var lagður niður, né heldur hafa þeir tekizt á hendur neitt það starf, sem stefnir að því að endurreisa byltingarbaráttu öreigastéttarinnar. Þeir hafa gegnum árin hvorki hreyft legg né lið til baráttu gegn hægriþróuninni svo dugur væri í, þeir hafa jafnvel ekki þorað að nefna þá menn á nafn, sem bera höfuðábyrgð á svikunum og skýra hvert gerðir þeirra leiddu. Það verður lítið mark tekið á yfirlýsingum þeirra um að þeim séu ljós verk hentistefnumannanna, ef þeir gera svo ekkert til að birta sannleikann um þá og afhjúpa þá fyrir verkalýðnum, sem þeir sviku í hendur auðvaldinu. Við samanburð á afstöðu SR til höfuðmóthverfunnar á Íslandi og afstöðu Alþýðubandalagsins verður ekki greindur neinn munur þar á, né heldur er merkjanlegur munur á starfi SR og AB hvað eigind snertir. SR er hluti af Sósíalistaflokknum sem var lagður niður 1968, hluti sem neitaði að ganga í AB, en hefur ekki megnað að sýna í starfi ástæður þess að þeir héldu sig utan við stofnun Alþýðubandalagsins.



Tilgangur þessarar greinar er m.a. sá, að gefa félögum SR kost á að kynna sér vinnubrögð forystu SR gagnvart KHML sem hugðist koma til samstarfs á jafnréttisgrundvelli.

Reynslan af "samstarfinu" sýnir KHML að kommúnistar geta ekki gengið til samstarfs með báðar hendur bundnar. Við gengum til samstarfs við SR, með það fyrir augum að sameina þá krafta, sem báðir höfðu til eins átaks gegn auðvaldinu. Það er forystu SR að kenna að það mistókst.

Hvítflibbarnir í Dagsbrún

Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson hafa árum saman haldið Dagsbrúnarmönnum niðri. Einstaka sinnum þegar háværar raddir innan verkalýðshreyfingarinnar (A.S.Í.) hafa krafizt bættari kjara, hafa brotizt út verkföll, sundurlaus og óskipulögð og meira í því formi, að um sumarleyfi sé að ræða frekar en verkfall. Undanþágur á öllum sviðum hafa verið leyfðar og almenningur ekki orðið þess var, að um verkfall sé að ræða. Þetta hefur orðið til þess, að borgarastétt Íslands, eigendur framleiðslutækjanna, hefur tekizt að þjarma meir og meir að verkamönnum. Einmitt fyrir tilstilli þessara stéttarsvikara, Eðvarðs og Guðmundar J. ásamt Hannibal og Birni í ASÍ. Þessum "höfðingjum" er algjörlega fyrirmunað að skilja hlutverk sitt sem þeir eru kosnir til af verkamönnum, til að veita baráttunni gegn auðvaldinu forystu og benda verkamönnum á höfuðóvininn. Það hafa þeir aldrei gert, enda varla von þar sem þeir eru á mála hjá borgarastéttinni! Verkamenn, höfuðóvinur okkar er borgarastéttin! Við hvern erum við að berjast í verkföllum? Jú, öreigastéttin berst við borgarastéttina, sem er fulltrúi heimskapítalismans. Verkföll eru óbeint stríð og til þess að geta unnið stríð, er nauðsynlegt að vita hvar og hver óvinurinn er - öðruvísi er óhugsandi að taka sér vopn í hönd og berjast. Við erum dæmdir til að tapa, ef við ekki þekkjum óvininn. "Hershöfðingjar" þessa stríðs á Íslandi í dag er Dagsbrúnarforystan og ASÍ. Þeir dreifa liði sínu sem mest þeir mega, sitt í hverja áttina og tapa hverri orustunni á fætur annari. Í sérhverju stríði væru slíkir "hershöfðingjar" kallaðir svikarar og það eru þeir tvímælalaust! Þessir "leiðtogar" sitja áratugum saman og læðupokast á skrifstofum sínum og koma ekki til fundar við verkamenn, nema þeir megi til. Þeir eru ekki í neinum tengslum við vinnandi fólk, tengslin við atvinnurekendur eru meiri og betri. Á samningafundum síðustu ára hafa þeir kumpánar Eðvarð og Guðmundur J. haft þann háttinn á að boða til funda í ýmsum bíósölum bæjarins; þessir salir hafa fengizt til tveggja til þriggja tíma. Af þeim tíma hafa formaður og varaformaður venjulega tekið 1 1/2 - 2 tíma, síðan hefur ræðutími verið styttur í 15 mínútur, 10 mínútur, 5 mínútur og jafnvel niður í 3 mín., svo menn hafa ekki haft tíma til að komast í púltið áður en tíminn var úti. Á félagsfundum hafa þeir jafnvel verið með persónulegar svívirðingar á þá meðlimi, sem dirfast að gagnrýna þá; sbr. þegar Eðvarð "formaður" fyrir nokkrum árum réðist á kunnan verkamann og sagði m.a. að "hann hefði þó getað þegið sjúkrastyrk af félaginu, þegar hann varð veikur." (Verkamaðurinn hafði slasazt illilega við vinnu sína og var frá vinnu langan tíma!) Þeir Eðvarð og Guðmundur halda, að þeir séu heilagar kýr og verk þeirra ógagnrýnanleg og þeim beri skylda til að sitja að völdum ævilangt (vonandi verða þeir ekki 100 ára). Þetta er stórhættulegur hugsunargangur og ættu þeir að endurskoða hug sinn áður en þeir verða reknir frá með skömm. Því að sá dagur rennur upp - það er aðeins spurning um tíma.

Verkamenn, það er staðreynd, að þessir menn vilja alls ekki fá á sig neina gagnrýni. Þess vegna þora þeir ekki að halda fleiri félagsfundi en þeim er nauðsynlegt. Þeir finna vel þá ört vaxandi gagnrýni innan félagsins, sem á sér stað. Sú gagnrýni er eðlilegur ávöxtur svika þeirra í þágu borgarastéttarinnar, sem hefur farið vaxandi með ári hverju. Verkamenn eiga skýlausan rétt á byltingarsinnaðri forystu og þannig forystu vilja þeir, því allt borgaralega samfélagskerfið berst, gegn hagsmunum þeirra.

Því verða verkamenn eins og nú er háttað að hefja skipulagt nám í öreigavísindunum, reka af höndum sér þá forystu, sem starfar samkvæmt borgaralegu hagsmunakerfi og taka frumkvæðið í sínar hendur. Verkamenn, við verðum að gera okkur það ljóst, hvaða stétt við tilheyrum og hvaða stétt við berjumst gegn! Við lifum ekki í stéttlausu þjóðfélagi, eins og fávísir blaðasnápar og sumir aðrir vilja reyna að fá okkur til að trúa, einfaldlega með því að segja, að við getum átt samskonar spariföt og forstjórinn. Svonalagað kjaftæði ber að varast, eða halda þessir ágætu menn, sem prédika stéttlaust þjóðfélag, að forstjóri Eimskip (sem lætur jafnvel reka fullorðna verkamenn, sem hafa starfað í áratugi hjá "óskabarni þjóðarinnar") og verkamaður, sem vinnur við affermingu skipa félagsins, sitji við sama borðið? Nei, þeim lygum trúum við ekki!

Að síðustu til athugunar fyrir verkamenn: borgarastéttin getur alls ekki lifað án okkar, en við getum lifað án borgarastéttarinnar. Verkamenn og öreigar allra landa sameinizt í baráttunni gegn borgarastéttinni! Við höfum engu að tapa nema hlekkjunum!

P.S.

RAUÐ VERKALÝÐSEINING...

Frh.af forsíðu

50 mílna útfærslu landhelginnar, án samkomulags, án eftirgjafar við erlenda imperíalista, þar sem fulltrúar íslenzku þjóðarinnar (les: borgarastéttarinnar) væru vísir til að semja af sér og gefa eitthvað eftir af 50 mílunum. Eftir nokkrar umræður og skoðanaskipti létu Fylkingarmenn loks til leiðast að leggja landhelgismálið á hilluna, er þeir mættu til þátttöku í göngunni rauðu. Þess í stað var krafan Rauð verkalýðseining - gegn stéttasamvinnu sett á oddinn. (Um afstöðu KHML til landhelgismálsins og gagnrýni hennar á afstöðu Fylkingarinnar til þess má lesa annars staðar í blaðinu).

Iðnnemasambandið og Stúdentaráð drógu sig til baka sem formlegir aðilar að einingunni, en skipulagstillaga Kommúnistahreyfingarinnar var samþykkt af Sósíalistafélaginu og Fylkingunni.

ÞÖGN FJÖLMIÐLA.

Vegna þess hversu fjölmennur rauði hluti göngunnar var og vel skipulagður, er athyglisverð sú tilraun hérlendra fjölmiðla til að þegja algjörlega um þátt rauðrar verkalýðseiningar þennan alþjóðlega baráttudag verkamanna eða geta sem minnst um hann - allavega var hvergi minnzt á hversu margir hefðu tekið þátt í umræddum hluta göngunnar.

Sjónvarpið birti engar myndir af einingunni rauðu; á skerminum 1. maí trónuðu einungis tölurnar 50 og aftur 50. Þó sást til nokkurra sjónvarpsmanna á sveimi kringum útifundinn við Miðbæjarskólann - en ef til vill hafa þeir hætt við alla myndatöku, er í ljós kom, hve mikill fjöldi var þar saman kominn. Útvarpið lét svo lítið að geta okkar í fám orðum; lásu þeir m.a. upp nokkur vígorð Fylkingarinnar, en slepptu hins vegar slagorðum Kommúnistahreyfingarinnar algjörlega. Má vera þeim hafi fundizt áróður hreyfingarinnar helzti kommúnískur til að bera á borð fyrir hlustendur á slíkum hátíðisdegi. Eitt dagblaðanna gat um útifund við Miðbæjarskólann, sem Fylkingin hefði staðið fyrir. Þjóðviljinn birti svo ljósmynd af "byltingarsinnuðum skólanemendum" berandi myndir af Marx, Engels, Lenín, Stalín og Maó og að sögn blaðsins virtust þeir "hvergi smeykir við fallgryfju persónudýrkunarinnar". Hvort allir þeir, sem þátt tóku í rauðu verkalýðseiningunni voru skólanemendur eða ekki, skiptir líklega ekki svo ýkja miklu máli fyrir Þjóðviljann!

HVERS VEGNA RAUÐ VERKALÝÐSEINING?


Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að fara að skýra frá því, hvers vegna nokkur pólitísk samtök komu sér saman um að skera sig frá hinu hefðbundna fyrirkomulagi varðandi 1. maí hátíðahöldin, en leggja þess í stað fram byltingarsinnaðar kröfur í tilefni dagsins undir vígorðinu Rauð verkalýðseining - gegn stéttasamvinnu. Það er vissulega engin tilviljun að svo er.



Um áratuga skeið hafa það verið sósíaldemókratar og alls kyns umbótasinnar og hentistefnulýður, sem hafa haft forystu á hendi í baráttu verkalýðsins fyrir bættum kjörum og ýmis konar þjóðfélagslegum aðbúnaði. Þessir smáborgaralegu sósíalistar og tækifærissinnar hafa afvegaleitt ísl. verkalýð frá sögulegu hlutverki sínu, þ.e. valdatöku öreiganna og uppbyggingu sósíalismans. Þessir menn, sem hafa gert alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins á Íslandi að innihaldslausri hátíðarsamkundu, sífellt gjammandi, að nú þurfi að bæta kjör hinna lægst launuðu, hrópa hvað hæst á stéttasamvinnu og aftur stéttasamvinnu! Hagur allra stétta - þeirra, sem arðræna og þeirra, sem eru arðrændir - skal tryggður! Það er þess vegna, sem Kommúnistahreyfingin marxistar-lenínistar setur fram kjörorðið: RAUÐ VERKALÝÐSEINING - GEGN STÉTTASAMVINNU!

Lenín lýsir þessum stéttarsvikurum mæta vel í formála Heimsvaldastefnunnar bls. 14:

"Þessi borgaralegi verkalýður, eða "heldri verkamenn", sem í lifnaðarháttum, tekjum og öllum skoðunum eru algerðir smáborgarar, er aðalstyrkur 2. alþjóðasambandsins og á vorum dögum eru þeir þjóðfélagsleg (ekki hernaðarleg) höfuðstoð borgarastéttarinnar. Þessir "heldri verkamenn" eru í reyndinni erindrekar borgarastéttarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar, handbendi atvinnurekenda, raunverulegir formælendur endurskoðunarstefnu og þjóðrembingsháttar."





REYNSLAN AF RAUÐRI EININGU 1. MAÍ.

Það mun áreiðanlega hafa skotið forystu Alþýðubandalagsins skelk í bringu, hversu fjölmenn hin rauða verkalýðseining var á 1. maí. Þetta sannar, að þessum svikurum hefur ekki og mun ekki takast að svæfa stéttarmeðvitund verkalýðsstéttarinnar. Sá dagur kemur, að hún rís upp gegn kúgurum sínum og brýtur af sér fjötra auðvaldsins og þá mun þessari svikulu verkalýðsforystu einnig vera gerð skil. Þess vegna eru þeir óttaslegnir í dag og þess vegna er þagað yfir rauðri verkalýðseiningu í öllum fjölmiðlum landsins.

Kommúnistahreyfingin m-l má vel una árangrinum við myndun rauðrar verkalýðseiningar 1. maí og að hafa sett fram byltingarsinnaða pólitík í stað samfylkingarpólitíkur hægrisinnana í verkalýðsforystunni, sem fúsir flykkja sér undir helzta baráttumál þjóðlegu borgarastéttarinnar og fræknustu umboðsmanna hennar. Þessi tilraun til myndunar marxískrar-lenínískrar einingar 1. maí bar fyllilega árangur - jafnvel meiri en nokkurn hafði grunað. Félagar! Minnumst þess, að þetta er aðeins upphafið!

Af þessu getur Kommúnistahreyfingin m-l dregið þá lærdóma, að þrátt fyrir fámenni sitt, er hún þess umkomin að leiða hvers konar baráttu, sem beinist gegn stétt arðræningja og erindreka þeirra innan "sósíalískra" flokka og verkalýðshreyfingar og gegn heimsvaldasinnum og handbendum þeirra.

STÉTTVÍSIR VERKAMENN OG STÉTTARFRÆNDUR ÞEIRRA, SAMEINIZT Í BARÁTTUNNI GEGN KAPÍTALISMANUM!
NIÐUR MEÐ STÉTTASAMVINNUNA! LIFI BYLTINGARSINNUÐ BARÁTTA ÖREIGANNA!

SJÓ.

Sósíaldemókratíið er þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar

Það er ekki ólíklegt, að þetta vígorð, sem sett var fram á 12. fundi Framkvæmdanefndar Alþjóðasambands Kommúnista 1933 komi óþyrmilega við kaunin á stéttasamstarfsmönnunum og tækifærissinnunum úr gamla Kommúnistaflokknum, sem tókst með moldvörpustarfsemi sinni og klíkubrögðum, að sundra K.F.Í. og sameina leifar hans tækifærissinnunum úr gamla krataflokknum í nýjan og öflugri krataflokk, sem hlaut 1938 nafnið Sósíalistaflokkurinn – sameiningarflokkur alþýðu. Þegar nafnið var orðið of róttækt var hann síðan skírður upp og kallast nú Alþýðubandalagið. Einn af marxistum-lenínistum K.F.Í, Hjalti Árnason, lýsir þessari þróun á spámannlegan hátt þegar 1934: "Með því að vinna að klofningi á fylkingum hins byltingarsinnaða verkalýðs,eru liðhlauparnir og tækifærissinnarnir (hér er átt við hinn illræmda stéttsvikara Stefán Pétursson, ennfremur Einar Olgeirsson, sem hvatti til skilnings, sátta og samstarfs við sósíalfasistana) að veita auðvaldinu bezta stuðning, sem hægt er að veita því á yfirstandandi tíma. Og þessi starfsemi stefnir í þá átt að skapa nýjan krataflokk með margfalt skæðari blekkingarmeistara á oddinum, heldur en Alþýðuflokkurinn hefir á að skipa." (Verklýðsblaðið, 29. maí, 1934).
Og vissulega eru blekkingarmeistarar Alþýðubandalagsins skæðari en raunin var um Alþýðuflokkinn á sínum tíma. Þeir hafa eins og fyrirrennarar þeirra barizt með oddi og egg gegn byltingarstarfi verkalýðsins og í staðinn breitt út um þjóðsöguna um, að einungis þingræðisleg barátta henti við íslenzkar aðstæður, og þeir halda geysilega mörgum verkamönnum í viðjum sósíaldemókratískrar hugsunar og hindra þá þannig frá byltingarstarfi. Þegar við setjum fram eftirfarandi vígorð í dag, beinum við því gegn blekkingarmeisturum Alþýðubandalagsins: Sósíaldemókratíið er þjóðfélagsleg höfuðstoð auðvaldsins á Íslandi!

Á HVERN HÁTT ER SÓSÍALDEMÓKRATÍIÐ ÞJÓÐFÉLAGSLEG HÖFUÐSTOÐ AUÐVALDSINS?

Deilurnar í K.F.Í. 1934 sem lyktuðu með því, að samfylkingarmenn urðu ofan á, en marxistarnir-lenínistarnir lutu í lægra haldi, snerust einkum um baráttuna gegn sósíaldemókratíinu. Stéfán Pétursson o.fl. héldu því fram, að sósíaldemókratíið væri höfuðstoð borgarastéttarinnar innan verkalýðsstéttarinnar. Gegn þessari röngu stefnu stóðu marxistar-lenínistar, studdir af Alþjóðasambandi Kommúnista, sem settu fram hina réttu stefnu, að sósíaldemókratíið væri þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar. Hin hugmyndafræðilega barátta sem átti sér stað innan K.F.Í. var stéttabarátta milli þeirra er stóðu á grundvelli sögulegs hlutverks öreigastéttarinnar og hinsvegar þeirra er túlkuðu borgaralega hugmyndafræði í líki sósíaldemókratískrar undansláttarpólitíkur og stéttasamvinnu. Í Verklýðsblaðinu 3. okt. 1933 segir: "Það eru yfirráð Alþýðuflokksforingjanna yfir meirihluta verkalýðsins á þýðingarmestu stöðunum, sem hindrar hagsmunabaráttu verkalýðs á þessum stöðum, sem svíkja hana og kæfa í hvert sinn, sem verkalýðurinn þrátt fyrir þá rís upp til baráttu. Það eru völd og drottnun þeirra, sem hindra baráttuna gegn launalækkunum, atvinnuleysi og ríkislögreglu, fyrir kauphækkun, styttingu vinnutímans, fyrir atvinnuleysistryggingum og verulegum atvinnubótum."

Ef við berum þessa tilvitnun saman við yfirráð sósíaldemókratanna í Alþýðubandalaginu og baráttu þeirra gegn launahækkun og fyrir kauplækkunum og ríkislögreglu, er augljóst að Alþýðubandalagsforingjarnir hafa axlað þær byrðar, sem gömlu krataforingjarnir báru á kreppuárunum. Þeir eru þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar með því að þeir halda meirihluta verkalýðsins frá byltingarbaráttu og í viðjum stéttasamvinnupólitíkurinnar. Með því að vinna gegn byltingarsinnuðu starfi verkalýðsins og beina baráttunni inn á svið þingræðislegs örverpisháttar og með því að styrkja valdatæki borgarastéttarinnar og stuðla að hertu arðráni á verkalýðnum, á allan hátt!

"LÆRISVEINAR HITLERS Á MANNAVEIÐUM"

Þessi fyrirsögn er tekin úr Verklýðsblaðinu 29. maí 1934 og fjallar greinin um 4ra ára áætlun Alþýðuflokksins, sem var sett fram til að veiða atkvæði og var að meira eða minna leyti hrein eftirmynd 4ra ára áætlunar þýzku nazistanna. Áætluninni er lýst svo í greininni: "Þungamiðjan í þessari kosningatálbeitu krataforingjanna eru blekkingar um að unnt sé að "endurbæta" auðvaldsskipulagið, að hægt sé að skapa "atvinnu-lýðræði" innan þess og útrýma mótsetningunum milli auðmanna og öreiga. Þessar blekkingar eru ný útgáfa af kenningum útlendra og innlendra fasista og krataforingja um "skipulagt auðvald"." Enn finnast þeir menn, sem kalla sig sósíalista og verkalýðssinna, en lýsa því jafnframt yfir að þeir séu fylgjandi slíkum 4ra ára plönum í anda nazismans. Í Rétti 4, '71, bls. 210, er farið lofsyrðum um 4ra ára áætlunina og hún kölluð liður í baráttunni fyrir áætlunarbúskap á Íslandi! Inntakið í stefnu Alþýðubandalagsins er einmitt áætlunarbúskapur fyrir auðvaldið, "skipulagt auðvald" eins og kratarnir létu það heita fyrr á árum! Það kemur þess vegna engum á óvart, að það eru sömu mennirnir, sem ausa lofsyrðum yfir þessar gömlu kosningabrellur og stéttasamstarfsáætlanir sósíalfasistanna í Alþýðuflokknum og hafa predikað hlé á stéttabaráttunni og "samstarf með öflugustu stéttum landsins". Þessa menn er að finna í forystusætum Alþýðubandalagsins og til samanburðar við 4ra ára plan sósíalfasistanna í Alþýðuflokknum er fróðlegt að líta á eftirfarandi skilgreiningu úr Drögum að stefnuskrá Alþýðubandalagsins: "Í háþróuðum auðvaldslöndum hefur auðvaldinu tekizt að draga í bili nokkuð úr þeim mótsögnum, sem beinast ógnuðu tilvist þess. Þar hefur verið komið meira skipulagi (svo!) á hina þjóðfélagslegu framleiðslu, og vinnandi stéttir hafa knúið fram innan ríkjandi þjóðfélagskerfis stórfellda breytingu til hins betra(!) á efnalegum lífskjörum sínum og félagslegum réttindum." Þetta er furðu djarft að bera á borð fyrir verkalýð, sem fær daglega fréttir um gífurlegt og vaxandi atvinnuleysi í hinum "háþróuðu auðvaldslöndum" eins og USA, Englandi o.fl., eða horfir á stéttarbræður sína skotna niður eins og skepnur í sjónvarpinu af brezku heimsvaldasveitunum á N.-Írlandi! Þessari klausu er ætlað að slá ryki í augu verkalýðsins og reyna að sannfæra hann um að barátta hans gegn kúgun og arðráni auðvaldsins sé þýðingarlaus, vegna hins "skipulagða auðvalds" og að félagsleg réttindi séu möguleg í borgaralegu þjóðfélagi undir forystu Alþýðubandalagsins. Þetta er borgaralegur áróður til að fegra borgaralegt þjóðfélag! Einu félagslegu réttindi, sem verkalýðnum eru tryggð án hatrammrar pólitískrar baráttu innan hins borgaralega þjóðfélags, eru réttindin til að vera arðrændur og kúgaður af auðvaldinu.

Heil!

FRÁ MARXISMA – TIL DJARFRAR SAMFYLKINGARPÓLITÍKUR.

K.F.Í. var kommúnískur byltingarflokkur, sem tók afstöðu gegn atkvæðaveiðurunum í Alþýðuflokknum og afstaða hans til þátttöku í alþingiskosningunum '34 gefur okkur lifandi dæmi um afstöðu marxista-lenínista til hins borgaralega þingræðis. Sjónarmið K.F.Í. var sett svona fram í Verklýðsblaðinu 29. maí '34: "Engu að síður mun K.F.Í. taka þátt í borgaralegum kosningum, til þess að nota, í þágu verkalýðsins, þann orustuvöll, sem þingræðið kostar. Nota hann til þess að afhjúpa frammi fyrir alþýðu landsins lýðskrum allra hinna borgaralegu flokka og fjandskap þeirra við raunverulegar hagsmunakröfur alþýðunnar, en um leið að fylkja verkalýð og bændum til virkrar baráttu fyrir slíkum kröfum, utan löggjafarsamkundu hins borgaralega ríkisvalds." Einstaka meðlimum K.F.Í., sem ekki báru hagsmuni verkalýðsins fyrir brjósti fannst þessi afstaða að vonum slæm. Við skulum sjá hvernig samfylkingarpáfinn Einar Olgeirsson lýsir hrifningu sinni yfir þróun K.F.Í. í átt að sósíaldemókratískum flokki, í Rétti 4 '71: "K.F.Í. leið í kosningunum 1934 hins vegar enn undir áhrifum einangrunarstefnu, en tók upp djarfa(!) samfylkingarpólitík eftir kosningar." (bls. 210).
Marxistarnir í K.F.Í. skildu mæta vel stéttareðli hins borgaralega ríkisvalds og þeir gerðu sér ljóst, að hið borgaralega ríki var tæki auðvaldsins til að kúga og arðræna verkalýðinn, þess vegna var þátttaka í borgaralegu ríkisvaldi óhugsandi. En samfylkingarmenn innan K.F.Í., sem vildu leggja K.F.Í. niður og stofna krataflokk með "vinstri armi" Alþýðuflokksins, kölluðu þetta einangrunarstefnu og börðust hatrammlega gegn henni. Fyrir tilstilli þeirra var K.F.Í. lagður niður og hin "djarfa" samfylkingarpólitík tekin upp eftir kosningar og hefur hún haldizt síðan.
Við getum skoðað ávöxtu þessarar "djörfu" samfylkingarpólitíkur eins og þau birtast okkur í dag. Málefnasamningur "Alþýðustjórnarinnar" eins og blygðunarlausustu tækifærissinnarnir kalla hana, flettir ofan af hlutverki hennar og í hvers þágu hún starfar. Er þar nóg að minnast á hið "stranga verðlagseftirlit", sem átti að tryggja verkalýðnum að kjör hans yrðu ekki skert meira en orðið var. Það er hverjum verkamanni ljóst, sem hefur reitt sig á loforð þessara "alþýðuherra", og orðið að þola hverja kjaraskerðinguna á fætur annarri, í formi verðhækkana og aukinnar skattpíningar, hverjum þeir raunverulega þjóna. Þeir eru framverðir auðvaldsins í kjaraskerðingarsókn þess og hertu arðráni á verkalýðnum. Í málefnasamningnum segja þeir beint út um fyrirætlanir sínar og lofa "að beina auknu fjármagni til iðnaðarins með það fyrir augum, að hann verði færi um að taka við verulegum hluta þess vinnuafls (og væntanlega fær um að arðræna það á sem hrottalegastan hátt líka! – mín aths.), sem sjá þarf fyrir atvinnu á næstu árum." Nýju fötin sósíalfasistanna megna ekki að slá ryki í augu stéttarmeðvitaðra verkamanna. Alþýðubandalagið og "alþýðustjórn" þess eru þjóðfélagslegar höfuðstoðir íslenzkrar borgarastéttar!

ÞJÓÐREMBINGSSÓSÍALISMI – SÓSÍALFASISMI.

Svo ósvífnir eru broddar Alþýðubandalagsins og öruggir með tök sín á íslenzkum verkalýð, að þeir tala kotrosknir um að stjórn þeirra leiði nú ekki til sósíalisma, en hún hreki burt erlent auðvald og auðveldara sé að berjast gegn innlendri borgarastétt! Utan á Rétti trónar slagorð nazistanna frá 1937: "Ísland fyrir Íslendinga" og hvarvetna í málflutningi þeirra er talað um samstöðu Íslendinga gegn erlendri ásælni og erlendum her. Það er aldrei vikið orði að því, að Ísland er stéttaþjóðfélag og að mótsetningar milli íslenzkra auðmanna og íslenzks öreigalýðs eru ósættandi! Gamla kratalygin um eina þjóð og eitt ríki skín í gegnum þjóðrembingssósíalisma herranna í Alþýðubandalaginu. "Íslenzka iðnvæðingarforystu" fyrir hvern? Það er ekki um að ræða eitt ríki og eina þjóð á Íslandi, heldur ríki borgarastéttarinnar til að kúga og arðræna verkalýðsstéttina – þess vegna rekur Alþýðubandalagið iðnvæðingarforystu íslenzks auðvalds! Eitt skýrasta dæmið um algjör svik Alþýðubandalagsins, þjóðfélagslegrar höfuðstoðar borgarastéttarinnar, er viðleitni "alþýðuherranna" til að koma á fót ríkislögreglu! Þeir vinna að því að styrkja ofbeldistæki borgarastéttarinnar gegn verkalýðnum, lögregluna, með því að bera fram frumvarp um ríkislögreglu á alþingi.
Þetta er engan veginn nein nýjung, sósíalfasistar allra landa hafa á öllum tímum stutt auðvaldið með ráði og dáð í árásum þess á verkalýðinn. Í Verklýðsblaðinu 3. okt. 1933 segir svo: "Íslenzku sósíaldemókratarnir hafa hjálpað borgarastéttinni til að efla kúgunartæki hennar. Þegar lagt var fyrir þingið á þessu ári lagafrumvarp um stofnun ríkislögreglu, gerðu þeir allt til að hindra baráttu verkalýðsins gegn þessum lögum og framkvæmd þeirra."
Hér hefur lauslega verið drepið á eðli sósíaldemókratísins og á hvern hátt það er þjóðfélagsleg höfuðstoð auðvaldsins og hlutur AB að nokkru verið tekinn upp. Barátta öreiganna gegn borgarastéttinni verður ekki háð undir leiðsögn endurbótasinna og sósíalfasista. Þess vegna er öllum stéttvísum verkamönnum nauðsynlegt að hefja skipulega og markvissa baráttu á grundvelli marxismans-lenínismans, gegn Alþýðubandalaginu, þjóðfélagslegri höfuðstoð íslenzkrar borgarastéttar. Alþýðubandalagið er hinn taktíski höfuðóvinur í dag, af því að innan vébanda þess er meirihluti verkalýðsins í viðjum borgaralegrar umbótastefnu og undir leiðsögn svikullar forystu sósíalfasismans!
K.G.

Hvers vegna kom Stéttabaráttan ekki út 1.maí?

KHML hefur það að markmiði að vekja íslenzka öreigastétt til meðvitundar um sögulegt hlutverk sitt, sósíalíska byltingu, og stefna markvisst að stofnun kommúnistaflokks, sem einn getur leitt öreigastéttina til sigurs í stéttabaráttunni. Hreyfingin starfar að þessum markmiðum með því að reka kommúnískan áróður fyrir skipulagningu verkalýðsins á byltingargrundvelli og mun ekki láta neitt tækifæri sér úr greipum ganga svo framarlega hreyfingin sé þess megnug.

Það vakti því undrun margra stuðningsmanna og velunnara KHML, að ekkert eintak af Stéttabaráttunni skyldi koma út 1. maí s.l.
Forsaga þess er sú, að KHML hugðist ganga til samstarfs við Sósíalistafélag Reykjavíkur á jafnréttisgrundvelli um blaðaútgáfu 1. maí. Var stofnuð sameiginleg ritnefnd, sem skyldi vinna að blaðinu, ræða efni þess og frágang.

"SAMSTARFIÐ".


"Samstarfið" náði þó aldrei að verða annað en nafnið tómt, SR ritnefndin sýndi í verki, að hún var alls ófær um að skilja merkingu orðsins samstarf, hvað þá samstarf á jafnréttisgrundvelli. Eftirtalin atriði ættu að nægja til að sýna hversu öfugsnúinn skilningur þeirra reyndist á samstarfinu.
KHML lagði fram allar greinar í handriti, en SR sýndi sínar greinar ekki fyrr en þær voru fullsettar í blý. Þessi vinnubrögð sýndu, að það var ekki ætlun þeirra að láta KHML hafa nein áhrif á það efni, sem þeir birtu. Annað var uppi á teningnum hvað viðkom greinum KHML, þær lúslásu þeir og gagnrýndu einstaka orð og setningar.
SR neitaði tveimur greinum KHML (af fimm) um birtingu og neitaði að taka til greina gagnrýni KHML á greinar SR.
Auglýsing frá SÍS var sett í blaðið, þrátt fyrir mótmæli KHML, en annarri af greinum KHML var hafnað sökum "plássleysis".
Ritnefnd SR setti greinar í blaðið, sem aldrei voru bornar undir KHML fulltrúana, þeir sáu ekki greinarnar fyrr en þær birtust fullfrágengnar í blaðinu.
Þegar blaðið kom úr prentun var fátt, sem benti til, að aðrir en félagar SR hefðu lagt hönd á plóginn, m.a. var hætt við að hafa rauða fána ásamt hamri og sigð í haus blaðsins eins og ritnefndin hafði ákveðið. Báru SR fulltrúarnir við tæknilegum örðugleikum, þrátt fyrir yfirlýsingar starfsmanna prentsmiðjunnar um að hægt væri að prenta rauða litinn.
Ofangreindar aðgerðir ritnefndarmanna SR leiddu til þess að blaðið stóðst ekki þær kröfur, sem KHML gerir til kommúnísks blaðs og því varð ekkert úr sölu á 1. maí af hálfu KHML.

KOMMÚNISTAR PRÍVAT – SÓSÍALISTAR ÚT Á VIÐ!

Ritnefndarmenn SR höfnuðu í upphafi tillögu KHML um að kalla blaðið 1. maí blað kommúnista og báru þeir því við, að þeir væru ekki opinberlega kommúnistar, en í prívat viðræðum myndu flestir þeirra gangast við, að þeir væru kommúnistar.
Væri svo að í stjórn SR væru kommúnistar myndu þeir haga starfi sínu töluvert á annan veg en fram kemur í Nýrri Dagsbrún, en í skrifum sínum þar fara þeir yfirleitt eins og köttur í kringum heitan graut og nefna byltinguna sjaldan á nafn, þeir varast að taka til meðferðar klofninginn í alþjóðahreyfingu kommúnista (sósíalheimsvaldastefnuna og nútíma endurskoðunarstefnu leiðtogaklíku Sovétríkjanna) af hræðslu við klofning í eigin röðum. Þeir lýstu því yfir í viðræðum við KHML, að ekki mætti segja "vissa hluti" við verkalýðinn (í grein KH ML um Dagsbrúnarforystuna var gengið of langt að mati SRmanna) og kemur það greinilega fram í greinum þeirra um skatta- og verðhækkanastefnu "alþýðustjórnarinnar", þar sem þeir bölsótast yfir aðgerðum núverandi ríkisstjórnar, án þess að setja þær í pólitískt samhengi eða benda á hvað beri að gera.
Með þessu lýsa þeir vantrausti á verkalýðinn og afhjúpa sig sem ökónómista, því "kommúnistar hirða ekki um að leyna skoðunum sínum og ætlunum. Þeir lýsa því yfir afdráttarlaust, að takmarki þeirra verði því aðeins náð, að allri þjóðfélagsskipan verði steypt af stóli með valdi. Leyfum hinum drottnandi stéttum að skjálfa fyrir kommúnistabyltingu. Þar hafa öreigarnir engu að týna nema hlekkjunum. Þeir eiga heilan heim að vinna." (Kommúnistaávarpið)

RITSKOÐUN Í STAÐ FRÆÐILEGRAR BARÁTTU

Greinarnar, sem SR neitaði um birtingu birtast hér á opnunni og getur hver og einn kynnt sér efni það, er ritnefnd SR telur óbirtingarhæft. Orsakir ritskoðunarinnar eru tengsl þessara manna við þá atburði, sem talað er um í greininni um sósíaldemókratíið, þeir hafa aldrei svo vitað sé birt nein skrif, sem varpað gætu ljósi á öfugþróun þá, sem hófst 1938, er KFÍ var lagður niður, né heldur hafa þeir tekizt á hendur neitt það starf, sem stefnir að því að endurreisa byltingarbaráttu öreigastéttarinnar. Þeir hafa gegnum árin hvorki hreyft legg né lið til baráttu gegn hægriþróuninni svo dugur væri í, þeir hafa jafnvel ekki þorað að nefna þá menn á nafn, sem bera höfuðábyrgð á svikunum og skýra hvert gerðir þeirra leiddu. Það verður lítið mark tekið á yfirlýsingum þeirra um að þeim séu ljós verk hentistefnumannanna, ef þeir gera svo ekkert til að birta sannleikann um þá og afhjúpa þá fyrir verkalýðnum, sem þeir sviku í hendur auðvaldinu. Við samanburð á afstöðu SR til höfuðmóthverfunnar á Íslandi og afstöðu Alþýðubandalagsins verður ekki greindur neinn munur þar á, né heldur er merkjanlegur munur á starfi SR og AB hvað eigind snertir. SR er hluti af Sósíalistaflokknum sem var lagður niður 1968, hluti sem neitaði að ganga í AB, en hefur ekki megnað að sýna í starfi ástæður þess að þeir héldu sig utan við stofnun Alþýðubandalagsins.



Tilgangur þessarar greinar er m.a. sá, að gefa félögum SR kost á að kynna sér vinnubrögð forystu SR gagnvart KHML sem hugðist koma til samstarfs á jafnréttisgrundvelli.

Reynslan af "samstarfinu" sýnir KHML að kommúnistar geta ekki gengið til samstarfs með báðar hendur bundnar. Við gengum til samstarfs við SR, með það fyrir augum að sameina þá krafta, sem báðir höfðu til eins átaks gegn auðvaldinu. Það er forystu SR að kenna að það mistókst.

Hvítflibbarnir í Dagsbrún

Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson hafa árum saman haldið Dagsbrúnarmönnum niðri. Einstaka sinnum þegar háværar raddir innan verkalýðshreyfingarinnar (A.S.Í.) hafa krafizt bættari kjara, hafa brotizt út verkföll, sundurlaus og óskipulögð og meira í því formi, að um sumarleyfi sé að ræða frekar en verkfall. Undanþágur á öllum sviðum hafa verið leyfðar og almenningur ekki orðið þess var, að um verkfall sé að ræða. Þetta hefur orðið til þess, að borgarastétt Íslands, eigendur framleiðslutækjanna, hefur tekizt að þjarma meir og meir að verkamönnum. Einmitt fyrir tilstilli þessara stéttarsvikara, Eðvarðs og Guðmundar J. ásamt Hannibal og Birni í ASÍ. Þessum "höfðingjum" er algjörlega fyrirmunað að skilja hlutverk sitt sem þeir eru kosnir til af verkamönnum, til að veita baráttunni gegn auðvaldinu forystu og benda verkamönnum á höfuðóvininn. Það hafa þeir aldrei gert, enda varla von þar sem þeir eru á mála hjá borgarastéttinni! Verkamenn, höfuðóvinur okkar er borgarastéttin! Við hvern erum við að berjast í verkföllum? Jú, öreigastéttin berst við borgarastéttina, sem er fulltrúi heimskapítalismans. Verkföll eru óbeint stríð og til þess að geta unnið stríð, er nauðsynlegt að vita hvar og hver óvinurinn er – öðruvísi er óhugsandi að taka sér vopn í hönd og berjast. Við erum dæmdir til að tapa, ef við ekki þekkjum óvininn. "Hershöfðingjar" þessa stríðs á Íslandi í dag er Dagsbrúnarforystan og ASÍ. Þeir dreifa liði sínu sem mest þeir mega, sitt í hverja áttina og tapa hverri orustunni á fætur annari. Í sérhverju stríði væru slíkir "hershöfðingjar" kallaðir svikarar og það eru þeir tvímælalaust! Þessir "leiðtogar" sitja áratugum saman og læðupokast á skrifstofum sínum og koma ekki til fundar við verkamenn, nema þeir megi til. Þeir eru ekki í neinum tengslum við vinnandi fólk, tengslin við atvinnurekendur eru meiri og betri. Á samningafundum síðustu ára hafa þeir kumpánar Eðvarð og Guðmundur J. haft þann háttinn á að boða til funda í ýmsum bíósölum bæjarins; þessir salir hafa fengizt til tveggja til þriggja tíma. Af þeim tíma hafa formaður og varaformaður venjulega tekið 1 1/2 – 2 tíma, síðan hefur ræðutími verið styttur í 15 mínútur, 10 mínútur, 5 mínútur og jafnvel niður í 3 mín., svo menn hafa ekki haft tíma til að komast í púltið áður en tíminn var úti. Á félagsfundum hafa þeir jafnvel verið með persónulegar svívirðingar á þá meðlimi, sem dirfast að gagnrýna þá; sbr. þegar Eðvarð "formaður" fyrir nokkrum árum réðist á kunnan verkamann og sagði m.a. að "hann hefði þó getað þegið sjúkrastyrk af félaginu, þegar hann varð veikur." (Verkamaðurinn hafði slasazt illilega við vinnu sína og var frá vinnu langan tíma!) Þeir Eðvarð og Guðmundur halda, að þeir séu heilagar kýr og verk þeirra ógagnrýnanleg og þeim beri skylda til að sitja að völdum ævilangt (vonandi verða þeir ekki 100 ára). Þetta er stórhættulegur hugsunargangur og ættu þeir að endurskoða hug sinn áður en þeir verða reknir frá með skömm. Því að sá dagur rennur upp – það er aðeins spurning um tíma.
Verkamenn, það er staðreynd, að þessir menn vilja alls ekki fá á sig neina gagnrýni. Þess vegna þora þeir ekki að halda fleiri félagsfundi en þeim er nauðsynlegt. Þeir finna vel þá ört vaxandi gagnrýni innan félagsins, sem á sér stað. Sú gagnrýni er eðlilegur ávöxtur svika þeirra í þágu borgarastéttarinnar, sem hefur farið vaxandi með ári hverju. Verkamenn eiga skýlausan rétt á byltingarsinnaðri forystu og þannig forystu vilja þeir, því allt borgaralega samfélagskerfið berst, gegn hagsmunum þeirra.
Því verða verkamenn eins og nú er háttað að hefja skipulagt nám í öreigavísindunum, reka af höndum sér þá forystu, sem starfar samkvæmt borgaralegu hagsmunakerfi og taka frumkvæðið í sínar hendur. Verkamenn, við verðum að gera okkur það ljóst, hvaða stétt við tilheyrum og hvaða stétt við berjumst gegn! Við lifum ekki í stéttlausu þjóðfélagi, eins og fávísir blaðasnápar og sumir aðrir vilja reyna að fá okkur til að trúa, einfaldlega með því að segja, að við getum átt samskonar spariföt og forstjórinn. Svonalagað kjaftæði ber að varast, eða halda þessir ágætu menn, sem prédika stéttlaust þjóðfélag, að forstjóri Eimskip (sem lætur jafnvel reka fullorðna verkamenn, sem hafa starfað í áratugi hjá "óskabarni þjóðarinnar") og verkamaður, sem vinnur við affermingu skipa félagsins, sitji við sama borðið? Nei, þeim lygum trúum við ekki!
Að síðustu til athugunar fyrir verkamenn: borgarastéttin getur alls ekki lifað án okkar, en við getum lifað án borgarastéttarinnar. Verkamenn og öreigar allra landa sameinizt í baráttunni gegn borgarastéttinni! Við höfum engu að tapa nema hlekkjunum! P.S.

RAUÐ VERKALÝÐSEINING...

Frh.af forsíðu

50 mílna útfærslu landhelginnar, án samkomulags, án eftirgjafar við erlenda imperíalista, þar sem fulltrúar íslenzku þjóðarinnar (les: borgarastéttarinnar) væru vísir til að semja af sér og gefa eitthvað eftir af 50 mílunum. Eftir nokkrar umræður og skoðanaskipti létu Fylkingarmenn loks til leiðast að leggja landhelgismálið á hilluna, er þeir mættu til þátttöku í göngunni rauðu. Þess í stað var krafan Rauð verkalýðseining – gegn stéttasamvinnu sett á oddinn. (Um afstöðu KHML til landhelgismálsins og gagnrýni hennar á afstöðu Fylkingarinnar til þess má lesa annars staðar í blaðinu).
Iðnnemasambandið og Stúdentaráð drógu sig til baka sem formlegir aðilar að einingunni, en skipulagstillaga Kommúnistahreyfingarinnar var samþykkt af Sósíalistafélaginu og Fylkingunni.

ÞÖGN FJÖLMIÐLA.


Vegna þess hversu fjölmennur rauði hluti göngunnar var og vel skipulagður, er athyglisverð sú tilraun hérlendra fjölmiðla til að þegja algjörlega um þátt rauðrar verkalýðseiningar þennan alþjóðlega baráttudag verkamanna eða geta sem minnst um hann – allavega var hvergi minnzt á hversu margir hefðu tekið þátt í umræddum hluta göngunnar.
Sjónvarpið birti engar myndir af einingunni rauðu; á skerminum 1. maí trónuðu einungis tölurnar 50 og aftur 50. Þó sást til nokkurra sjónvarpsmanna á sveimi kringum útifundinn við Miðbæjarskólann – en ef til vill hafa þeir hætt við alla myndatöku, er í ljós kom, hve mikill fjöldi var þar saman kominn. Útvarpið lét svo lítið að geta okkar í fám orðum; lásu þeir m.a. upp nokkur vígorð Fylkingarinnar, en slepptu hins vegar slagorðum Kommúnistahreyfingarinnar algjörlega. Má vera þeim hafi fundizt áróður hreyfingarinnar helzti kommúnískur til að bera á borð fyrir hlustendur á slíkum hátíðisdegi. Eitt dagblaðanna gat um útifund við Miðbæjarskólann, sem Fylkingin hefði staðið fyrir. Þjóðviljinn birti svo ljósmynd af "byltingarsinnuðum skólanemendum" berandi myndir af Marx, Engels, Lenín, Stalín og Maó og að sögn blaðsins virtust þeir "hvergi smeykir við fallgryfju persónudýrkunarinnar". Hvort allir þeir, sem þátt tóku í rauðu verkalýðseiningunni voru skólanemendur eða ekki, skiptir líklega ekki svo ýkja miklu máli fyrir Þjóðviljann!

HVERS VEGNA RAUÐ VERKALÝÐSEINING?

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að fara að skýra frá því, hvers vegna nokkur pólitísk samtök komu sér saman um að skera sig frá hinu hefðbundna fyrirkomulagi varðandi 1. maí hátíðahöldin, en leggja þess í stað fram byltingarsinnaðar kröfur í tilefni dagsins



undir vígorðinu Rauð verkalýðseining – gegn stéttasamvinnu. Það er vissulega engin tilviljun að svo er.
Um áratuga skeið hafa það verið sósíaldemókratar og alls kyns umbótasinnar og hentistefnulýður, sem hafa haft forystu á hendi í baráttu verkalýðsins fyrir bættum kjörum og ýmis konar þjóðfélagslegum aðbúnaði. Þessir smáborgaralegu sósíalistar og tækifærissinnar hafa afvegaleitt ísl. verkalýð frá sögulegu hlutverki sínu, þ.e. valdatöku öreiganna og uppbyggingu sósíalismans. Þessir menn, sem hafa gert alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins á Íslandi að innihaldslausri hátíðarsamkundu, sífellt gjammandi, að nú þurfi að bæta kjör hinna lægst launuðu, hrópa hvað hæst á stéttasamvinnu og aftur stéttasamvinnu! Hagur allra stétta – þeirra, sem arðræna og þeirra, sem eru arðrændir – skal tryggður! Það er þess vegna, sem Kommúnistahreyfingin marxistar-lenínistar setur fram kjörorðið: RAUÐ VERKALÝÐSEINING – GEGN STÉTTASAMVINNU!
Lenín lýsir þessum stéttarsvikurum mæta vel í formála Heimsvaldastefnunnar bls. 14:
"Þessi borgaralegi verkalýður, eða "heldri verkamenn", sem í lifnaðarháttum, tekjum og öllum skoðunum eru algerðir smáborgarar, er aðalstyrkur 2. alþjóðasambandsins og á vorum dögum eru þeir þjóðfélagsleg (ekki hernaðarleg) höfuðstoð borgarastéttarinnar. Þessir "heldri verkamenn" eru í reyndinni erindrekar borgarastéttarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar, handbendi atvinnurekenda, raunverulegir formælendur endurskoðunarstefnu og þjóðrembingsháttar."




REYNSLAN AF RAUÐRI EININGU 1. MAÍ.

Það mun áreiðanlega hafa skotið forystu Alþýðubandalagsins skelk í bringu, hversu fjölmenn hin rauða verkalýðseining var á 1. maí. Þetta sannar, að þessum svikurum hefur ekki og mun ekki takast að svæfa stéttarmeðvitund verkalýðsstéttarinnar. Sá dagur kemur, að hún rís upp gegn kúgurum sínum og brýtur af sér fjötra auðvaldsins og þá mun þessari svikulu verkalýðsforystu einnig vera gerð skil. Þess vegna eru þeir óttaslegnir í dag og þess vegna er þagað yfir rauðri verkalýðseiningu í öllum fjölmiðlum landsins.
Kommúnistahreyfingin m-l má vel una árangrinum við myndun rauðrar verkalýðseiningar 1. maí og að hafa sett fram byltingarsinnaða pólitík í stað samfylkingarpólitíkur hægrisinnana í verkalýðsforystunni, sem fúsir flykkja sér undir helzta baráttumál þjóðlegu borgarastéttarinnar og fræknustu umboðsmanna hennar. Þessi tilraun til myndunar marxískrar-lenínískrar einingar 1. maí bar fyllilega árangur – jafnvel meiri en nokkurn hafði grunað. Félagar! Minnumst þess, að þetta er aðeins upphafið!
Af þessu getur Kommúnistahreyfingin m-l dregið þá lærdóma, að þrátt fyrir fámenni sitt, er hún þess umkomin að leiða hvers konar baráttu, sem beinist gegn stétt arðræningja og erindreka þeirra innan "sósíalískra" flokka og verkalýðshreyfingar og gegn heimsvaldasinnum og handbendum þeirra.

STÉTTVÍSIR VERKAMENN OG STÉTTARFRÆNDUR ÞEIRRA, SAMEINIZT Í BARÁTTUNNI GEGN KAPÍTALISMANUM!
NIÐUR MEÐ STÉTTASAMVINNUNA! LIFI BYLTINGARSINNUÐ BARÁTTA ÖREIGANNA!
SJÓ.


Smáborgaralegi stílistinn í fílabeinsturninum

Eftirfarandi grein mun taka upp skrif HKL vegna þeirra áhrifa, sem þau hafa haft á verkamenn á Íslandi. HKL hefur breitt út smáborgaralega friðarhyggju og þjóðrembing undir því yfirskini, að hann væri sósíalisti. Sérstaklega hafa skrif hans á seinni árum flett ofan af tryggð hans við þá stétt, sem hann skrifar fyrir, borgarastéttina. Stéttabaráttan mun við tækifæri taka betur upp skrif annarra rithöfunda og skálda, sem kennt hafa sig við sósíalismann og þannig haft áhrif á skoðanamótun verkamanna og hjálpað til við að herða þrælatök endurskoðunarstefnunnar á verkalýðnum.

Íslenzk borgarastétt og hlaupatíkur hennar, launaðar sem ólaunaðar, mega vart vatni halda í hrifningu sinni yfir Nóbelsskáldinu, sem þeir hafa endurheimt úr klóm kommúnista. Um leið hneigja þeir sig aukalega, einmitt fyrir það, að skáldið hefur þó "prófað" sósíalismann eins og svo mörg ævintýralönd andans.
En borgararnir gætu sparað sér hneiginguna. Þeir hafa aldrei týnt syninum. HKL var aldrei sósíalisti, ekki af þeirri tegund, sem borgurunum stendur hætta af eða verður öreigunum til framdráttar. Borgarinn í sósíalistagærunni, riddari öreigastéttarinnar, var ekkert annað en aligrís borgaranna og sníkjudýr, sem fitnaði af að skrifa söguna um alþýðuna.
Það er engin ástæða til að harma það að hafa misst hið lárviðarkrýnda skáld úr liði sósíalista. Þvert á móti. Því fleiri gervisósíalistar, sem sýna sitt rétta andlit, því betra. Hinn aumkunarverði öldungur, sem semur nú borgurunum helgisögur um "alþýðuna" og þykir ekkert vanta á Íslandi nema "dýrindisosta" og skrautútgáfur af Eddukvæðum er kommúnismanum og öreigastéttinni tannlaus óvinur. Við þurfum ekki að eyða púðri í að hrekja kennslubækur í rammasta afturhaldi (lesið Upphaf mannúðarstefnu! lesið Íslendingaspjall!).
Hitt þurfum við að rannsaka og það eru viðhorf HKL meðan hann kallaði sig sósíalista, svo að við getum dregið af því lærdóm og séð hvernig borgaraleg viðhorf læðast inn í raðir sósíalista. Sumir sósíalistar sáu reyndar frá upphafi, hve lítil stéttvísi HKL var og skilningur hans á íslenzka stéttaþjóðfélaginu því grunnur. En svo mikið var þeim í mun að "safna liði", og svo lítil var þeirra eigin stéttvísi, að þeir fögnuðu "liðsemd" skáldsins svo til gagnrýnilaust um leið og þeir viðurkenndu, að "persónur, sem farnar eru að móta líf sitt, stefna vitandi vits að ákveðnu markmiði, eru sjaldgæfar í bókum Halldórs" (Kristinn E Andrésson, 1949). Íslenzkir sósíalistar létu sér þó vel líka langlokur um "lífsstefnuna" og "hinn eina sanna mann" (HKL: Alþýðubókin), um "hugsjón frelsisins, hugsjón sjálfstæðisins" og "virðuleik þess hlutverks að vera manneskja á jörðinni" (HKL í ræðu 1935), um "hreinleikann" og fegurðina sem slíka! o.s.frv.
Það skiptir ekki mestu máli hverra þjónn HKL hefur talið sig vera. Aðalatriðið er, að hugmyndafræði smáborgaranna getur ekki orðið sögulegu hlutverki öreigastéttarinnar til framdráttar nema á þeim tímum, er smáborgarastéttin er framsýnn kraftur í þjóðfélaginu. Þar af leiðandi verður smáborgaralegur skáldskapur óhjákvæmilega að þjónsorðum fyrir borgarastéttina til að leyna stéttaandstæðunum í því þjóðfélagi, er borgarastéttin hefur tekið völdin.

HKL var einhvers konar sósíalisti á sínum tíma, á því er enginn vafi. En "það er til margs konar sósíalismi" (Lenín). Sósíalismi HKL var einmitt af þeirri gerð, sem allir flokkar öreiganna hafa þurft að berjast ákveðið gegn til að geta orðið sigursælir byltingarflokkar. Það er ekki aðeins ein tegund af fölskum sósíalisma, sem birtist hjá HKL, hugmyndafræði hans bregður sér í ýmiss gervi fornra stétta og nýrra, rísandi og hnígandi.
Hér má finna sósíalisma hinnar fornu aðalsstéttar, sem sýnir eðalborna meðaumkun með hinum vesæla öreigalýð, en horfir þó mestum löngunaraugum til hins fágaða hámenningarheims sinna eigin útvöldu. Þegar arðræninginn hefur drukkið og borðað vel og er göfugur í hjarta sínu, óskar hann, að allir gætu orðið arðræningjar eða aðnjótendur arðránsins.
"Hann (listamaðurinn) mundi óska sér lands, þar sem fílabeinsturn hinna útvöldu væri ekki viðurkendur, heldur væri í þess stað viðurkent í reyndinni það grundvallaratriði, að fólkið hefði efni og aðstæður, mentun og uppeldi, til að heyra rödd hans og skilja, lesa í list hans sitt eigið mál, sjá í myndum hans sínar eigin sýnir. Það mætti kannski margt að slíku þjóðfélagi finna, það væri að vísu stéttlaust þjóðfélag, samvirkt þjóðfélag, kommúnístiskt þjóðfélag. En það væri þó fyrst og fremst siðað þjóðfélag." (HKL: Þeir útvöldu og fólkið, 1935).

Þessi göfugi sósíalismi (ó, að allir gætu orðið eins og ég) skín víða út úr, t.d. Íslandsklukkunni, en ekki þó sízt úr líferni skáldsins, sem sekkur í teppi dýrustu hótelanna (lesið formála Gerzka ævintýrisins) um leið og hann berst fyrir öreigana.



Hin alvitra skynsemi þýzka háspekilega sósíalismans gengur ljósum logum í ritverkum HKL frá upphafi. Þar situr í hásæti mannúðin, skynsemin, frelsið, lífið, maðurinn og fleiri hugtök. Sósíalisminn er vikapilturinn og öreigalýðurinn (eða "fólkið") er skjólstæðingurinn eða neytandinn. "Maðurinn sem hugsjón" situr í fyrirrúmi, þó að í bili sé skynsamlegast að fjárfesta í öreigabókmenntum.
"Hinn nýi einstaklingur er samvinnumaðurinn í óflokksrænstri merkingu þess orðs. Sé um pólitík að ræða í framanskráðu, þá má einkenna hana heimspekilega sem beiningu raunsæinnar á vegu lífsstefnunnar." (HKL: Alþýðubókin).
Það þarf varla að taka fram, að mannúðin er mannúð HKL, að hér ræður skynsemi HKL, frelsið er fyrst og fremst listarinnar og HKL – og að "hinn eini sanni maður" er furðu líkur HKL. Það ætti líka að vera óþarfi að segja, að öll þessi viðmiðun er borgarastéttinni mjög í hag. Hitt er einnig augljóst, að skipta má um vikapilt og neytendur, ef"hinum eina sanna manni" þóknast svo.
Eðlilega er HKL barmafullur af draumkenndum (útópískum) sósíalisma. Þessi gerð sósíalisma, sem sér í öreigalýðnum fyrst og fremst "stétt hinna þjáðustu" (Kommúnistaávarpið) og skilur ekki sögulegt hlutverk öreigastéttarinnar, já óttast í rauninni ekkert eins og alræði öreiganna – hann á sér t.d. minnisvarða í Heimsljósi.
Allar ofantaldar tegundir sósíalisma eru eðlilega lokkandi fyrir hinn "stéttfrjálsa" og "óháða" HKL, vegna þess að þær eru fjandsamlegar byltingarsinnaðri hugmyndafræði öreigastéttarinnar.
Auðvitað er óhugsandi annað en HKL hafi orðið var við hinn skæða sósíalisma öreiganna, vísindalega sósíalismann, marxismann-lenínismann.
En skáldið hefur séð með "skyggnum" augum mannvinarins "góða" hvernig sannur smáborgari lítur á marxismann.
"Nú opnast óðum augu spakra mannvina fyrir því, að undirrót meira böls en flest annað innan siðaðra (!) þjóðfélaga er hið almenna skilningsleysi foreldra á börnum..." (HKL: ALþýðubókin).
Auðvaldið getur hreiðrað um sig í friði fyrir þessari kenningu. Auðvaldsskipulagið er ekki höfuðóvinurinn, vegna þess að
"...á Íslandi skortir rótgróna virðingu fyrir fornhelgum auðvaldsstofnunum... "Höfuðóvinurinn" á Íslandi er hins vegar almennur sauðarháttur og sveitamannatregða..."
Les: Fáir eru jafn gáfaðir og skilningsríkir og ég. – Bylting? Ætli við þurfum að grípa til hennar. Á Íslandi er ekki um að ræða
"...grundvöll þann sem alið fái nægilega sterka hleypidóma gagnvart vísindalegum nýmælum til þess að dráttur geti orðið lengur á því að hætt verði að stunda kjaftakappleik, en tekið upp vísindalegt skipulag."
Öreigarnir þurfa ekki að kveða niður vald borgarastéttarinnar með byltingu. Sósíalisminn vex í allri spekt innan auðvaldskerfisins, unz við stöndum með hann í fanginu.
"Auðvitað verður óblinduðu auga ekki litið áratug fram í tímann, því síður lengra, án þess að sjá aukinn (!) ríkisrekstur á þjóðarbúinu íslenzka..."
"...það er þróun ríkishugtaksins sem nú er að gerast. Eitt form víkur fyrir öðru, allar verulega (?) byltingar gerast þegjandi og hljóðalaust án þess að nokkur verði þeirra var." (Allar tilvitnanir úr Alþýðubókinni, ath.semdir mínar).
Í Sölku Völku boðar menntamaðurinn að sunnan sömu "sniðugu" kenninguna um kommúnisma: bæjarútgerð, samvinnufélög, "umbótamenn (svo!) í þingmeirihluta", stækkað ríkisvald – og hókus pókus: sósíalisminn kominn. Hótfyndni? Ekki meiri en ritstarf HKL yfirleitt.

HKL og fleiri rithöfundar hvöttu mjög til samfylkingar "vinstri flokkanna" um 1936 eins og þá var gert víða um heim gegn fasismanum. Þá reið á að sameina tvennt: að missa aldrei sjónar á stéttamóthverfunum, en vinna um leið traust mikils fjölda á breiðum grundvelli gegn bráðri hættu. Sem dæmi má nefna, að Kommúnistaflokkur Kína efldist og hertist í breiðfylkingu gegn yfirráðum Japana. Hér á landi varð sagan því miður önnur. Veganestið var líklega ekki burðugt í upphafi – grautarlegar stéttahugmyndir blandnar þjóðlegri dulspeki. Og nú varð liðsöfnunin æðsta takmarkið. "Samfylking er málstaður fólksins" skrifar HKL um þessar mundir og hvetur til að sameina beri
"Alþýðuflokkinn og Kommúnistaflokkinn í baráttunni, tvo flokka með sömu lífsskoðun, sama takmark, sama verkalýð að baki."
Sósíalisminn var látinn í handraðann, endurskoðunarstefnan sigldi hraðbyri. Upp úr styrjöldinni seldu sósíalistarnir stéttabaráttuna og byltinguna fyrir ráðherrastóla.
"Það var sem gæfa Íslands væri sjálf að verki, er samstarf þessara andstæðu afla var afráðið á örlagastund og stéttastyrjöld, er riðið gat þjóðfélaginu að fullu (?!), látin víkja fyrir því samstarfi andstæðra stétta, sem afkastamest hefur orðið á Íslandi... (fyrir hvern?)." (Einar Olgeirsson, 1948).
"Sósíalistarnir" voru síðan svo gæfusamir að fá herinn og NATO til Íslands, svo að þeir gátu hulið smán sína og stéttasvik bak við trúboðsleg heróp um "her úr landi" án skírskotunar til auðvaldskerfisins yfirleitt, enda fékk íslenzka auðvaldið óáreitt að "byggja upp landið", jafnvel með prúðri aðstoð sósíalistanna. Höfuðmóthverfan var nú milli fjallkonunnar og Sáms frænda.
HKL endurspeglar þessa þróun. Á köflum hvetur hann til hennar. Í Atómstöðinni, sem var hið skæða vopn sósíalista á tímabili, er þessi haldgóða lýsing á stéttaróvininum í eigin orðum hans:
"Af hverju ég vil selja landið? sagði forsætisráðherrann. Af því samviska mín býður mér það, og hér lyfti ráðherrann þrem hægrihandarfingrum. Hvað er Ísland fyrir íslendinga? Ekkert. Vestrið eitt skiptir máli fyrir norðrið. Við lifum fyrir vestrið; við deyjum fyrir vestrið; eitt vestur. Smáríki – skítur. Austrið skal þurrkast út. Dollarinn skal standa... Þó þeir fleingi mig opinberlega á Austurvelli og fleygi mér til andskotans út úr ríkisstjórninni þá skal ég samt selja mitt land. Þó ég verði að gefa mitt land, skal dollarinn sigra. Ég veit Stalín er gáfaður maður, en hann skal ekki sjá við forsætisráðherra Íslands."
Minnumst þess, sem er mikilvægt í stéttabaráttunni:
"Þekktu fjandmann þinn og sjálfan þig, og þú getur háð hundrað orustur án þess að eiga á hættu að bíða ósigur." (Sún Vú Tsú í tilvitnun Maó Tsetungs).
Samkvæmt Atómstöðinni er nú höfuðóvinurinn þeir, sem "vilja selja landið", jafnvel ekki nema einn tilgreindur maður með einkennilega samvizku. Þetta heitir að draga vígtennurnar úr auðvaldsskrímslinu. Og síðan þekkingin á eigin liði...
Skilningur skáldsins á sjálfum útvörðum öreiganna, flokknum, er yfirleitt ekki djúptækari en birtist í þessum línum:
"Nú yrði verkalýðurinn enn einu sinni að hlaupa í skrápana vegna blaðs síns. Blaðið væri kýrin fátæka mannsins; ef hann slátraði henni eða léti hana dragast upp, þá mundi fjölskyldan deya. ...Og þegar ég sá þetta fátæka og lúna fólk, álíka lúið og fátækt og fólkið mitt heima í dalnum, fara oní vasa sinn eftir buddunni, og opna hana með þessum lúnu höndum sem mér fanst altíeinu ég gæti kysst grátandi...þá fanst mér ég vera í einu og öllu, og mundi ævinlega verða á sama máli og þetta fólk, hvað sem það talaði um leiðinleg efni, hvort heldur það vildi láta rækta mýri í Mosfellssveit eða halda í landið sitt á móti pípuhöttum sem ætluðu að svíkja það undan því, og selja það frá því..."
Í þessu kemur líka í ljós, að þjóðin er í sama báti á móti fáum pípuhöttum, "þetta fátæka og lúna fólk" á landið...
Það er skammgóður vermir að draga strik yfir ritstörf HKL með því að segja: Þetta eru fagurbókmenntir, en ekki stjórnmál. Í fyrsta lagi voru og eru viðhorf hans og áhrif af yfirlýstu stjórnmálalegu tagi og ritverkin verða því metin í því samhengi. Í öðru lagi hefur HKL verið pólitískur veruleiki á Íslandi í nær hálfa öld. Í þriðja lagi er erfitt að hugsa sér stöðu listarinnar utan og ofan við stéttabaráttuna, þó að HKL hafi dreymt um það sæluríki eins og mörg önnur.
Tvískinnungur lista- og menntamanns birtist skýrt hjá HKL: að vilja vera eitt og allt í senn. Hann þykist standa öreigamegin í stéttabaráttunni, en lofsamar á hátíðastundum hvers konar stéttakúgun, ef hún er "listræn" eða "þjóðleg". Hann hvetur öreigana til baráttu, en daðrar við forlagatrú og undirgefni á sömu stundu. Hann fordæmir spillinguna og úrkynjunina, sem birtist í borgaralegum viðhorfum, en er þó sjálfum mest kappsmál að skrifa "góðan texta" og láta "verkið lúta sínum eigin lögmálum" o.s.frv. o.s.frv.
Frá almennu sjónarmiði er þetta skiljanlegt: Rithöfundurinn fæst við hugar-efni og fyrir honum geta öll þjóðfélagsmein læknast með því að hugsa aðra hugsun, breyta"gildismati" ("sveitamannatregðu") sínu og annarra. En að baki "sósíalisma" ýmissa listamanna glittir auk þess í einfalda eiginhagsmuni. Sósíalískt þjóðfélag er fyrir þeim staður sem veitir þeim "aðstöðu" til sinna háleitu iðkana og stækkar neytendahópinn. Trotskí og súrrealistaforinginn Breton réðu skýrt þessa dagdrauma í sameiginlegri yfirlýsingu 1938.
"Ef byltingin þarf að koma á sósíalískri miðstjórn til að efla framleiðsluöflin, þá verður hún þegar frá byrjun að tryggja algjört taumleysi (anarkí) og einstaklingsfrelsi í vitsmunalegu sköpunarstarfi."
(Trotskí og Breton: Stefnum að óháðri byltingarlist).
Alræði öreiganna nær sem sé ekki til "óskabarna" þjóðanna, lista- og vísindamanna þrátt fyrir "lykilaðstöðu" þeirra. Lenín sá fyrir löngu, hvert þessi stefna leiddi.
"En af hverju, mun lesandinn spyrja, leiðir hin sjálfkrafa hreyfing, sú sem fer leið hinnar minnstu andstöðu, af sér yfirráð borgaralegs hugmyndakerfis? Af þeirri einföldu ástæðu, að borgaralegt hugmyndakerfi er miklu eldra að uppruna en sósíalískt, að það hefur fengið meirialhliða þroska og það hefur yfir að ráða ósambærilega miklu fleiri útbreiðslutækjum."
(Lenín: Hvað ber að gera?)
Vegna úrræðaleysis og dulhyggju smáborgarans verður skáldskapur HKL lofgjörð um "það sem var", rómantík fátæktarinnar og dýrkun á frumstæðu og fálmandi andófi. Öreigastéttin fær stundum aukahlutverk við hliðina á "hinum eina sanna manni" og birtist þá sem óljóst fyrirbæri undir nafninu "alþýðan", "fólkið" eða jafnvel "þjóðin". Hvergi bólar á því mikilvægasta – skilningi á sögulegu hlutverki hennar: að rísa upp skipulögð og á stéttvísan hátt bylta borgarastéttinni og koma á alræði öreiganna. Hvarvetna er ráðandi dýrkun á hinu sjálfsprottna, óskipulega og marklausa andófi (sem Lenín varar svo sterklega við) gegn einhverju óljósu afli eða einstökum persónum.
"Já, hreyfing okkar er vissulega ennþá á bernskuskeiði, en til þess að hún megi vaxa hraðar, verður hún að verða gagntekin umburðarleysi gagnvart þeim, sem hefta vöxt hennar með dýrkun á sjálfkrafa þróun." (Lenín: Hvað ber að gera?).

"Skáldverkið er heill óháður og sjálfbjarga heimur" (HKL 1943), "ljóð á ekki að tákna neitt, heldur bara vera" (tilvitnun Steins Steinars), "listin fyrir listina" – þetta eru vígorðin, sem listamenn borgarastéttarinnar hrópa á vonlausum flótta. Þegar þeir munda ryðguð sverðin, segja þeir sig vopnlausa – til að bæta vígstöðuna.
Málstaður þeirra er haldlaus vorn!

Þ.H.


Ævintýrið um „Jesúbyltinguna" eða nýju fötin keisarans

Fjölmiðlar íslenzkrar borgarastéttar hafa undanfarið óspart rekið áróður fyrir fyrirbrigðinu "jesúbyltingin", sem á upptök sín í Bandaríkjunum og hefur nú náð hingað til Íslands. Hinir dyggu og vel launuðu þjónar borgarastéttarinnar, svarthempurnar, fara á kostum og spara ekkert til að ná haldi á öreigaæskunni og leiða hana inn í musteri guðs til jesútilbeiðslu. "Jesúbyltingin á í eðli sínu margt gott. Hún hefur hjálpað þúsundum ungra manna til að skilja, hvað sé þungamiðjan í lífinu." (Síra Þórir Stephensen, Morgunblaðinu 7. maí '72). Varpað er fram spurningum um, hvort Jesús Kristur hafi verið hippi eða sósíalisti o.s.frv. Það fer ekki á milli mála, að Jesús Kristur hefur hafið nýja innreið - í nýjum fötum! Nú hefur aldeilis verið dustað af honum og púkkað upp á hann og hann færður í byltingarbúning. Nú þýðir ekki lengur að láta hann framkvæma bellibrögð eins og að labba á vatni og gera undraverk - nei, nú er hann leiðtogi hinnar leitandi æsku, sem tekur á sig form "frelsishreyfingar". Hann lítur út eins og sambland af amerískum hippa og Che Guevara og honum er stillt fram sem byltingarsinnuðustum allra byltingarsinna. En sé gægst undir yfirborð þessarar myndar kemur fljótt annað í ljós! Hverra erinda gengur þessi súperbyltingarmaður? Hvert er inntak og markmið boðskapar hans?

INNTAK OG MARKMIÐ "JESÚBYLTINGARINNAR".

Margt af því unga fólki, sem flykkist til að hlýða á boðskap súperstjörnunnar gerir sér enga grein fyrir afturhaldssömu inntaki hans. "Jesúbyltingin" snýr sér fyrst og fremst að þeim, sem hafa meira eða minna skilið tilfinningalega, að auðvaldsskipulagið er rotið, en eru sér ekki meðvitaðir um orsakirnar. Áður var raunveruleikinn flúinn með aðstoð hass og hipparómantíkur, nú er "jesúbyltingin" meðalið og niðurstaðan er hin sama: algert aðgerðarleysi. "Jesúbyltingin" gegnir nákvæmlega sama hlutverki og hippahreyfingin áður: að beina óánægju og hatri æskunnar, sem stafar af innri mótsögnum kapítalismans, inn á braut, sem er fullkomlega hættulaus hinni ríkjandi stétt, borgarastéttinni.
Jesúbyltingarfólk talar um að breyta okkar spillta heimi, afnema stríð og óréttlæti með byltingu. En sú bylting á að koma í gegnum Jesú Krist og kristilegan náungakærleik. Það á að breyta heiminum með því að breyta mönnunum - kapítalistarnir eru aðeins syndarar, sem við elskum og hrærum til mannúðar með guðs almáttugu blíðuorðum!

Tilgangur þessa áróðurs er auðsær. Hann er fyrst og fremst sá að breiða yfir mótsetningarnar í þjóðfélaginu. Fela sannleikann um það, að rótin að öllu böli og kúgun í dag liggur í stéttaskiptingunni, að borgarastéttin, hin alls ráðandi stétt, og öreigastéttin, sem er arðrænd og kúguð af borgarastéttinni, standa í ósættanlegri mótsögn við hvora aðra. Borgarastéttin hefur öll völd í sínu þjóðfélagi, auðvaldsskipulaginu. Hún hefur efnahagsleg völd með séreign sinni á framleiðslutækjunum, hún hefur pólitísk völd með ríkisvaldi sínu, her, lögum og lögreglu, og hún hefur hugmyndafræðileg völd með ýmiss konar stofnanabáknum ríkisvaldsins í uppeldis- og fræðslumálum, menningu og listum og fjölmiðlum. Borgarastéttin notar öll völd sín miskunnarlaust til að viðhalda stöðu sinni og gefur hana aldrei eftir, án þess að hún sé gersigruð af öreigastéttinni í byltingarbaráttu.



Krókudílar kirkjunnar á sálnaveiðum.

FYRIR VIÐHALDI AUÐVALDSSKIPULAGSINS.

Hinn falski boðskapur jesúbyltingarmanna þjónar því dyggilega hinum háu herrum, kapítalistunum. Því það, sem jesúsfólkið skilur ekki, er, að óréttlætið og hörmungarnar í heiminum í dag stafa af því, að efnahagskerfi auðvaldsins er rotið og til að breyta því gagnar ekki kristilegur kærleikur og biblíuorð (það stoðar lítið að bjóða byssukúlum og kylfum auðvaldsins hægri vangann) heldur einungis sósíalísk bylting!

Míní-súperstjarnan, Sigurbjörn biskup Einarsson, segir í bréfi til presta landsins fyrir skömmu um kristna æskulýðsvakningu á Íslandi: "Æskan leitar að andlegum grunni. Hún spyr um merkingu lífsins, gildi þess og markmið. Hún unir ekki því trúarlega tómi, sem í allt of ríkum mæli einkennir mannfélög nútímans. Hún skynjar, að full sæla fjár, hóglífi og skemmtanir, veita ekki fullnægju. Margir hafa í leit að lífsnautn leiðzt út á háskalegar brautir. Margir hafa í uppreisnarhug snúið baki við þeim heimi, sem einkennist af einhliða umhugsun um efnisgæðin." Hann vill leiða æskuna í fang Jesús Krists, inn í hinn falska heim guðstrúarinnar, burt frá veruleikanum, þaðan sem á engan hátt er hægt að breyta þjóðfélaginu, og gera þar með æskuna með aðgerðarleysi sínu að stuðningsmönnum borgarastéttarinnar í viðhaldi arðráns- og kúgunarkerfi hennar.

TRÚARBRÖGÐIN - ÓPÍUM FYRIR FÓLKIÐ.

Trúarbrögðin hafa ætíð verið tæki í höndum ríkjandi stéttar í tilraun hennar til að halda fjöldanum niðri og láta hann sætta sig við stöðu sína. Annaðhvort með því að lofa honum paradís á himnum fyrir þrældóm sinn og basl á jörðinni eða með hótunum um eilífa pínu og kvöl í helvíti, setji hann sig upp á móti kúguninni.

Í grein sinni "Afstaða verkamannaflokksins til trúarbragða", skrifuð í maí 1909, segir Lenín: "Trúarbrögð nútímans eiga sínar dýpstu rætur í hinni þjóðfélagslegu kúgun á verkalýðsstéttinni og að því er virðist algeru hjálparleysi hennar gagnvart hinum blindu öflum auðvaldsins, sem dag hvern og hverja stund orsaka hinar hræðilegustu þjáningar og grimmilegustu kvalir hins venjulega vinnandi fjölda, þúsund sinnum þungbærari en þær, sem orsakast af óvenjulegum atburðum sem styrjöldum, jarðskjálftum o.s.frv. "Óttinn skapaði guðina." Óttinn við hin blindu öfl auðvaldsins - blindu, því fjöldinn getur ekki séð þau fyrir - öfl, sem við hvert lífsspor hóta að valda og valda öreigalýðnum og smáeigendum "skyndilegri", "óvæntri" og "tilviljunarkenndri" eyðileggingu, ógæfu, örbirgð, skækjulifnaði og hungurdauða - slíkar eru rætur trúarbragðanna, sem efnishyggjumaðurinn verður fyrst og fremstað hafa í huga vilji hann ekki staðna á stigi barnaskólaefnishyggjunnar. Engin kennslubók getur upprætt trúarbrögð úr hugum fjöldans, sem er þjakaður af þrældómi auðvaldsins og á valdi hinna blindu eyðileggingarafla auðvaldsins, fyrr en fjöldinn sjálfur lærir að berjast gegn þessum rótum trúarbragðanna, drottinvaldi auðsins í öllum þess myndum, sameinaður á skipulagðan og meðvitaðan hátt." (Lenín: Marx-Engels-Marxism, Moskvu 1947, bls. 243).

Frh.af bls.3

Borgarastéttin...

á Víet Nam og Íslandi stenzt engan veginn, þar eð alþýða Víet Nam á í beinni baráttu við eitt voldugasta heimsvaldaríkið - Bandaríkin - og innlent leiguþý þeirra. Alþýða Víet Nam er að berjast fyrir frelsi sínu undan nýlendukúgun. Ísland hefur þegar öðlast þetta frelsi og verkalýðsstéttin er kúguð og arðrænd af innlendri borgarastétt, sem er því höfuðandstæðingur hennar, en ekki samherji og leiðtogi verkalýðsstéttarinnar eins og M.K. vill telja fólki trú um. Hvernig kemur svo þessi stuðningur og alþjóðahyggja ríkisstjórnarinnar fram? Þegar Bandaríkin lokuðu höfnum Norður Víet Nam með tundurduflum og auka þannig hættuna á nýju uppskiptastríði, þá harmar ríkisstjórnin óheillaþróunina í Víet Nam og lýsir yfir áhyggjum sínum á gangi mála þar. Þetta er alþjóðahyggja og stuðningur M.K. og félaga hans við frelsisbaráttu kúgaðra þjóða í verki. Þannig styður ríkisstjórnin í verki kúgunarstefnu Bandaríkjanna gegn þjóðum Indókína með máttlausum yfirlýsingum og flaðri sínu við senditík Nixons, Rogers.

AFSTAÐA MARXISTA-LENÍNISTA.

Afstaða marxista-lenínista í landhelgismálinu hlýtur að byggjast á vísindalegri og sögulegri rannsókn á þróun íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins, og þeir spyrja hvort útfærslan þjóni hagsmunum verkalýðsstéttarinnar og sé skref í átt til sósíalískrar byltingar. Kommúnistahreyfingin marxistarnir-lenínistarnir hefur slegið því föstu, að höfuðmóthverfan sé móthverfan milli borgarastéttarinnar og öreigastéttarinnar (sbr. Stéttabaráttan nr. 1, bls. 7). Barátta íslenzkrar verkalýðsstéttar hlýtur því að beinast gegn íslenzkri borgarastétt og skósveinum hennar í ríkisstjórn og í verkalýðsforystunni og gegn allri stéttasamvinnupólitík, sem þessir "höfðingjar" reka til að bæla niður stéttarmeðvitund verkalýðsins. Árið 1944 öðlaðist íslenzk borgarastétt eftir langa baráttu algert pólitískt frelsi til að arðræna og kúga íslenzkan verkalýð.
En á þessu æðsta stigi auðvaldsins, þ.e. heimsvaldastefnunnar, á hún í stöðugri baráttu við ásælni borgarastétta annarra landa, og er því barátta íslenzkrar borgarastéttar fyrir útfærslu landhelginnar liður í þeirri áætlun hennar að víkka út einokunarsvæði til arðráns hér á landi. En þessu markmiði er borgarastéttin reiðubúin að afsala sér, ef hún telur það þjóna stundarhagsmunum sínum. Tollaívilnanir gagnvart EBE, svo eitt dæmi sé nefnt.
Afstaða kommúnista til landhelgismálsins er í höfuðatriðum þessi:

1. Á Íslandi er um að ræða sjálfstæða innlenda borgarastétt, en ekki að Ísland sé kúgað af erlendri borgarastétt, þ.e.a.s. Ísland er ekki nýlenda eða hálfnýlenda.
2. Útfærsla landhelginnar er aðeins útfærsla einokunaraðstöðu íslenzkrar borgarastéttar.
3. Íslenzk borgarastétt er ekki að verja náttúruauðlindir eins og margir tækifærissinnar vilja halda fram, heldur undirbýr hún sig undir útfærsluna með því að stórauka fiskiflota sinn til að nýta til fulls væntanlega stækkun einokunarsvæðis síns.

Þar af leiðandi getur íslenzk öreigastétt ekki stutt kúgara sína í þessu "mesta hagsmunamáli þjóðarinnar" eins og borgarastéttin kemst að orði.

SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTUR ÞJÓÐA.

Mikið hefur verið hjalað um sjálfsákvörðunarrétt íslenzku þjóðarinnar að ráða málum sínum sjálf og færa út landhelgina. Á þessum grundvelli "virðist" m.a. Fylkingin byggja afstöðu sína. En þessum áróðri er eingöngu ætlað það hlutverk að leiða hug verkalýðsstéttarinnar frá kjarna málsins, þ.e. hverra hagsmuni er verið að vernda. Hvað er þá sjálfsákvörðunarréttur þjóða? Samkvæmt skoðun marxista-lenínista er sjálfsákvörðunarréttur þjóða réttur hverra hverrar þjóðar til að varpa af sér oki og kúgun annarra þjóða og ráða sínum málum sjálf. Í þeirri baráttu getur verkalýðsstéttin myndað samfylkingu með hluta borgarastéttarinnar gegn hinum erlendu kúgurum og innlendu leiguþýi þeirra. En á svo þessi baráttuaðferð við á Íslandi í dag? Árið 1944 lauk baráttunni gegn erlendu nýlenduvaldi og kúgun og Ísland varð borgaralegt lýðræðisríki. Því getur ekki verið um samfylkingu að ræða í framkvæmd máls, sem þegar er lokið. Fylkingin og fleiri tækifærissinnar "virðast" álíta, að þessari baráttu gegn nýlenduvaldinu sé ekki lokið og verða því tæki í höndum borgarastéttarinnar til að blekkja verkalýðsstéttina til stéttasamvinnu. Ennfremur hefur verið bent á að sósíalísk lönd eins og Kína hafa lýst yfir samstöðu sinni með útfærslunni. Þessi afstaða er alveg rétt og byggist á því að hver þjóð á að fá að ráða sínum málum sjálf án íhlutunar annarra þjóða. En afstaða íslenzkrar verkalýðsstéttar hlýtur að mótast af höfuðmóthverfunni þ.e. móthverfan milli borgarastéttarinnar og verkalýðsstéttarinnar og hún verður að spyrja hvort þetta sérhagsmunamál íslenzkrar borgarastéttar þ.e.a.s. útfærsla landhelginnar sé einnig hagsmunamál hennar. Því verður að svara neitandi, vegna þess að öll sérréttindi, sem borgarastéttin reynir að öðlast, notar hún síðan til að auka arðrán sitt á verkalýðsstéttinni.

R.J.L.

VEIÐIFÁLKI BORGARANNA!

Eðvarð Sigurðsson, sósíalfasisti og handbendi borgaranna í Dagsbrúnarforystunni, hefur verið umbunað rækilega fyrir auðmjúka og dygga þjónkun sína við auðvaldið. Honum var veitt Fálkaorðan fyrir vel unnin og skilmerkileg störf í verkalýðsmálum! Það þarf ekki að leiða getgátum að því fyrir hvern þessi veiðifálki borgaranna hafi unnið vel að verkalýðsmálum, nú er bara að bíða og sjá, hvort Guðmundur J. verði næstur til að skreyta á sér vömbina með stéttasamstarfsmedalíunni!

VONARNEISTI?

Fylkingin virðist ekki vera dauð ennþá. Um daginn var haldinn gagnrýnisfundur um - merkilegt nokk - STÉTTABARÁTTUNA!!
Aldrei hafa þeir kumpánar borið það við að gagnrýna Neista.
Um leið og búið er að selja það, sem út gengur af honum, er afgangurinn settur á pappírshaugana. Engin furða, það er gífurlegur gæðamunur á Stéttabaráttunni og Neista smáborgaranna!

...OG FYLKINGIN ENN!

Tveir skelfdir smáborgarar úr Fylkingunni heyrðust barma sér ákaflega yfir Rauðri verkalýðseiningu 1. maí. Ástæðan? Þeir urðu, eins og smáborgurum er tamt, skíthræddir við skipulagningu og aga KHML. Þegar verkalýðsstéttin tekur að skipuleggja sig undir harðnandi stéttabaráttu gegn auðvaldinu, skríða smáborgararnir undir feld sinn eða flytja út á land á rómantísk eyðibýli! En þeir eru skammsýnir, þeir neyðast til að taka þátt í byltingunni á hverju sem gengur - hvoru megin, sem þeir verða!

Lýðræðisskánin skafin af – grunnt á fasismanum

Borgararnir, sem daglega sveipa sig "lýðræðis"skikkju sinni reyna í lengstu lög að láta líta svo út að við lifum í "frjálsu" "jafnréttis"-þjóðfélagi. En það þarf ekki mikið að koma við þessa skikkju til þess í hana komi glufur, sem fasisminn glottir út um til þeirra, sem hafa trúað hjali borgaranna um "lýðræðið". Þanþol "lýðræðis"skikkjunnar var reynt nýlega, er stúdentar sýndu heimsvaldasinnanum og morðingjanum Rogers viðeigandi móttökur, þar sem hann hugðist "kynnast víkingabókum". Sá atburður varð til þess að við fengum að líta fasistana afhjúpa sig á síðum dagblaðanna, sem annars þreytast aldrei á að telja okkur trú um ágæti lýðræðisins.
Að sjálfsögðu var moggi fremstur í flokki, en hin blöðin fylgdu fast á eftir og tókst einstaka sinnum betur upp en stóra bróður. Þjóðviljinn lagði upp laupana eftir fyrsta snúning, þar sem hann birti nokkuð skilmerkilega frásögn af atburðunum og atgangi löggunnar, valdatæki borgaranna. En aldrei lagði hann á sig að benda á glufurnar í "lýðræðis"skikkju borgaranna enda átti enginn von á því.

VIÐBRÖGÐ AFTURHALDSINS

Við skulum nú líta á viðbrögð afturhaldsins og draga fram nokkur dæmi: Í leiðara Tímans krefst Tómas Karlsson, að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til þess að svona nokkuð geti ekki gerzt aftur. Þarna slær hann sama streng og Eykon og Matthías Jóhannesen gera í leiðurum mogga. Hvaða viðeigandi ráðstafanir er um að ræða segja þeir ekki, það er eftirlátið "lesendum, sem búa í vesturbænum". "Fangelsa þá" - "taka þá úr umferð" - "senda þá á eyðibýli" -"ekki láta varnarliðið fara" - "svipta þá lánum" o.s.frv.
Óspart er slegið á strengi þjóðernishyggjunnar:"Íslendingar eru friðsöm og gestrisin þjóð", "rauð tuska dregin að húni", þar sem íslenzki fáninn má einn tróna (fáni borgaranna), þessum fámenna hópi (mikil áherzla lögð á fámennið) er stjórnað af óþjóðlegum kommúnistum í ráðherrastöðum og er hér um byltingarundirbúning að ræða.



Já, nú verða allir "sæmilegir" menn (Tómas Karlsson o.fl.) að taka höndum saman og bjarga "lýðræðinu". Fyrirmyndirnar eru til staðar, Hitler bjargaði borgurunum undan rauðu hættunni á sínum tíma við mikinn fögnuð afturhaldsins hér á landi og ekki mun Ceatano í Portúgal liggja á liði sínu, ef bandamennirnir í varnarbandalagi borgaranna þurfa góð ráð.

LÝÐRÆÐISFASISMI!

Í gallspýtingum Vísis yfir þessum atburðum er að finna sérlega ógeðfelld og undirförul skrif eftir Þorstein Thorarensen, en væmnar og gegnsæjar tilraunir hans til að lýsa smáborgaralegri friðarhyggju sinni þannig, að hún missi samt ekki allan glans frjálslyndisins gerðu hverjum hugsandi lesanda óglatt. Við skulum skoða hvernig viðurstyggilegasti fasismi skín í gegnum götótta dulu frjálshyggjunnar hjá þessu fyrirlitlega frjálshyggjuviðrini. Þorsteinn lætur sem honum sé nákvæmlega sama um aðgerðirnar, telur þær jafnvel bera vott um "óvenjulega framtakssemi", en vill samt bæta því við, að honum finnist rétt að úr því fólk megi mótmæla, sé ekki nema sjálfsagt að lögreglan fái að "láta pálisanderskylfurnar tala". Þorsteinn hvetur kúgunartæki borgaranna til dáða og ver rétt þess til að verja illræmda fjöldamorðingja og senditíkur heimsvaldaríkis, sem um þessar mundir myrðir án afláts með óhugnanlegasta sprengjuregni allra tíma, sprengjuregni, sem samsvarar mörgum kjarnasprengjum á dag, íbúa Alþýðulýðveldisins Viet Nam og alþýðu Suður Viet Nam, sem hefur risið upp gegn kúgun heimsvaldastefnunnar og stefnir til sigurs! Þetta óvenjulega fasistagerpi finnur eflaust rök, sem réttlæta þjóðarmorðið í Viet Nam á siðferðilegan hátt eins og hann finnur, að "ríkisvaldið hefur rétt og skyldu til að halda uppi reglu (les að viðhalda arðráni og kúgun borgarastéttarinnar!) þó hann fari ekki saman við rétt mótmælendanna." Þegar nú Þorsteinn hefur lýst velþóknun sinni á fantabrögðum lögreglunnar, hefur hann upp raust sína til varnar "lýðræðinu" og "frelsinu" eða öllu heldur grimmdaræði og glæpaverkum bandarísku heimsvaldasinnanna í Indókína og spyr: "...en hvað um þá miklu sókn, sem nú er hafin og kostar alþýðu þess lands meiri hörmungar en nokkuð annað...?" Sókn hinnar kúguðu þjóðar til frelsis og sjálfsákvörðunarréttar kostar hana vissulega miklar og hetjulegar fórnir og hörmungar, en ánauð, sem ekki væri barizt gegn, fjötrar, sem bara væru hertir, myndu kosta hana enn meira en þær þjáningar, sem heimsvaldasinnarnir hafa leitt yfir alþýðu Viet Nam. Þorsteinn Thorarensen kallar það glæp, þegar hinn kúgaði berst gegn kúgara sínum fyrir frelsi sínu og réttindum, hann kallar það glæp, að víetnamska þjóðin skuli ekki þegjandi þola sprengjuregn stríðsglæpamannanna bandarísku, hann kallar það glæp, að alþýða hinnar hinnar kúguðu þjóðar skuli ekki láta kyrrt liggja, þegar arðránsmenn og heimsvaldasvín limlesta og brenna börn hennar á hinn viðbjóðslegasta hátt.


Það fer ekki á milli mála við lestur greinar þessa óvenjulega opinskáa fasista af hvaða sauðahúsi hann er. Við hvetjum Þorstein Thorarensen til að hætta að klína sér utan í róttækar skoðanir undir útjöskuðum fána frjálshyggjunnar og taka heldur upp þann opna og viðbjóðslega fasisma, sem lesa má milli línanna í skrifum hans!

Frelsisfáninn blaktir yfir Mai Loc

Þessi grein fjallar um algjöra eyðingu 147.landgöngusveitar Saigonklíkunnar í bardögum í Quang Tri héraði. Sveitin var talin fyrirmyndarsveit og fékk allan hugsanlegan stuðning. Samt var hún illa leikin af frelsishernum. Myndin sýnir frelsisfánann blakta yfir fyrrverandi fangabúðum Mai Loc.
Varnir 147. landgöngusveitarinnar brustu algjörlega í í árásunum á Quang Tri-Thua Thien 30 marz til 3.apríl. Hersveitin var talin til fyrimyndar og fékk allan hugsanlegan stuðning frá leppum Bandaríkjanna í Saigon. Þegar að "aðgerðin Lam Son 719" í suðurhluta Laos mistókst algjörlega var þessi hersveit næstum þurrkuð út. En þeim sem lifðu af var safnað saman á ný og bætt við nokkrum nýliðum og var sveitin gerð að varaliði. Sem varahersveit varð hún mjög hreyfanleg og ekki tengd neinni ákveðinni deild eða vígstöð. Þessari hersveit var eftir enduruppbyggingu hennar fengið það hlutverk af yfirboðurum bandaríska herstjórnarinnar að verja austur og suðurhluta samgönguæðar á þjóðvegi 9 og verja Dong Ha stöðina ásamt héraðsborginni í Quang Tri 30 km austan við þjóðveginn.

ÚTBÚNIR AF USA.

Herdeildir nr.4.7 og 8 voru staðsettar í ógreiðfæru fjallahéraði sem Bandaríkjaher hafði yfirgefið, staðsetning þeirra var vandlega skipulögð af Bandaríska hernum og þær síðan útbúnar með varnarvirkjum umkringdar ótal hindrunum og varnargirðingum og fallbyssusveitum bæði frá stórskotaliðshernum og fótgönguliðshernum. Stöðvar þessar voru einnig varðar af bandaríska flughernum.Hersveitin staðsetti margar af herdeildum sínum og æðstu stjórn í Mai Loc fangabúðunum 8 km sunnan við borgina Cam Lo til að hafa eftirlit með þeim mörg þúsund manns, sem haldið var inni í fangabúðum. Með allan þennan herstyrk og auk þess stuðning 3.fótgönguliðssveitinni,11.og 20.skriðdrekasveitunum, sjö stórskotaliðssveitum og 258 landgönguliðssveitinni virtist 147 hersveitin ósigrandi. En um hádegisbil 30. marz 1972 nærri því á sama tíma og hún hafði verið sigruð á hæð 550 árið áður glumdi líkhringing hennar. Í heila viku hafði verið lágskýjað og rigningasamt en nú skein sólin aftur yfir norðurhluta Quang Tri héraðs. Öllum vopnum var beint að óvininum í skotstöðu. Fótgönguliðið, skriðdrekadeildin og flugherinn biðu eftir árásarmerkinu. Strax í fyrstu árásinni frá stórskotaliðinu hrundu mörg varnarvirki, sprengingar urðu í vopnageymslum og ollu miklum eldsvoðum og yfir hundrað landgönguliðshermenn féllu. Skotvirki óvinarins urðu einnig fyrir miklum sprengjuárásum og stórskotaliðshermenn féllu unnvörpum við fallbyssur sínar. Undir vernd skotárása frá stórskotaliðinu og loftvarnarsveitunum réðust sveitir úr frelsishernum inn í herstöð, sem tilheyrði 8. deild 147. hersveitarinnar á hæð 365. Varnir voru næstum engar, þar eð fleiri hundruð úr varnarliðinu höfðu fallið í skotárásinni. Þeir sem höfðu lifað af flúðu sem fætur toguðu og stór hluti þeirra var felldur á flóttanum til Dong Ngo stöðvarinnar. Daginn eftir réðst þjóðfrelsisherinn á 4. herdeildina við Dong Toan og Ba Ho stöðvarnar og þurrkaði hana næstum algerlega út. Næsta morgun blakti frelsisfáninn yfir



Frh.bls.2

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT
Stéttabaráttan

Framvegis mun verða sérstakur dálkur fyrir gagnrýni í Stéttabaráttunni og hvetjum við alla stuðningsmenn blaðsins til að senda okkur framsýna gagnrýni, sem miðar að því að bæta galla blaðsins, því aðeins á þann hátt mun okkur auðnast að gefa út gott blað. Stéttabaráttan getur ekki orðið skipuleggjandi fyrir kommúnískt starf nema lesendur og stuðningsmenn hennar vinni að því að gera blaðið betra.



Okkur hefur borizt gagnrýni frá ýmsum aðilum og hefur borið allmikið á því, að "stóryrði" blaðsins féllu mönnum naumlega í geð. Um þetta höfum við þetta að segja: Það er ekki að ástæðulausu, sem við notum orð eins og sósíalfasisti, hentistefnumaður, stéttarsvikari o.s.frv. Þegar þessi orð og önnur koma fyrir er það vegna þess að viðkomandi er stéttarsvikari eða sósíalfasisti! Önnur skammar- og háðsyrði eru að okkar dómi ekki of góð þeim mönnum, sem svikið hafa stéttarbræður sína í baráttunni og þannig framlengt kúgunina og arðránið sem á þeim bitnar, til þess að skara að eigin köku, öðlast þingsæti, nefndarstöðu eða formannsstól í verkalýðsfélagi



Hópur í Fylkingunni rauk upp til handa og fóta og vændi okkur um að hafa misfarið með orð Hjalta Kristgeirssonar. fundi um Stéttabaráttuna með Fylkingunni varð lítið úr rökum þessara kempa og lögðu þeir niður rófuna og játuðu að hafa misskilið málið.



Sú gagnrýni kom einnig fram að skilgreining höfuðmóthverfunnar væri röng, hún væri á milli þjóðarinnar og USA-heimsvaldastefnunnar. Við vísum þessari gagnrýni heim til föðurhúsa, öreigastéttin lætur ekki blekkjast óvinurinn er íslenzka borgarastéttin!



Ritnefndin dró saman helztu galla blaðsins á fundi þar sem blaðið var rætt út frá því, hvernig það þjónaði verkefnum KHML. Niðurstöðurnar voru þær, að það þjónaði strategísku markmiði okkar fyllilega en taktískt séð (þ.e. út frá nærtækustu verkefnum) var blaðinu í ýmsu áfátt. Helzti gallinn var, að blaðið var ekki í nægum tengslum við stéttabaráttuna á Íslandi, sem ekki er furðulegt, þar sem KHML hefur enn aðeins stigið fyrstu spor sín í kommúnísku starfi og nr. 1 var fyrsta tilraun hreyfingarinnar til að breiða út áróður sinn til verkalýðsins. En í heild ber þó að skoða blaðið sem áfanga á þeirri braut sem KHML hefur sett sér að fara - þannig hefur hreyfingin haslað sér völl á vettvangi stéttabaráttunnar og kommúnískur áróður hefur aftur náð til verkalýðsins, en hann hefur ekki sézt frá því gamla Verklýðsblaðið leið. Annar stór galli var sá, að hinir skólandi þættir blaðsins voru ekki nægilegir. Skýrasta dæmið er greinin um Bangla Desh - hin almenna fræðilega hlið, skilgreining á eðli heimsvaldastefnunnar og óhjákvæmileika styrjalda á skeiði heimsvaldastefnunnar var ónóg, en úr þessu mun bætt síðar í grein um ástandið í heiminum í dag og heimsvaldastefnuna.